

Eldra fólk og loftslagsmál

Báðum til gagns

Efnisyfirlit

Formáli	5
Samantekt	6
Verkefnið	6
Málstofan	7
Niðurstöðurnar	8
Ráðleggingar til norrænna stjórnvalda	9
Summary	10
The project	10
The workshop	11
The findings	12
The recommendations	13
1. Inngangur	14
2. Samstarf eldra fólks á sviði loftslagsmála	16
2.1 Noregur	16
2.1.1 Besteforeldrenes klimaaksjon (BKA)	16
2.1.2 Norges naturvernforbund	17
2.2 Svíþjóð	17
2.2.1 Gretas Gamlingar	17
2.2.2 Grandparents for Future	18
2.2.3 Grand Panthers	18
2.2.4 Grandmas for Future	18
2.3 Finnland	18
2.3.1 Ilmastoisovanhemmat	19
2.3.2 Aktivistimummot	19

2.4 Danmörk	20
2.4.1 Bedsteforældrenes Klimaaktion	20
2.4.2 Sammen om verdensmål	20
2.5 Ísland	21
2.5.1 Háskóli þriðja æviskeiðsins (U3A)	21
2.5.2 Landssamband eldri borgara (LEB)	22
2.5.3 Vinir íslenskrar náttúru (VÍN)	22
2.6 Færeyjar	23
2.7 Grænland	23
2.8 Álandseyjar	23
3. Evrópska tengslanetið	25
4. Málstofa um eldra fólk og loftslagsmál – báðum til gagns	26
4.1 Undirbúningur málstofu	26
4.2 Nokkur aðalatriði úr fyrirlestrum og pallborðsumræðum	28
4.2.1 Elisabeth Stern, Klimaseniorinnen Schweiz	28
4.2.2 Erik Elvers, Gretas gamlingar	28
4.2.3 Helena Käriäinen, Aktivistimummot	29
4.2.4 Birna Sigurjónsdóttir and Þóra Ellen Þórhallsdóttir, U3A	30
4.2.5 Beate L. Samuelsen, Landsfelag Pensjónista	31
4.2.6 Andrew P. Kroglund, Besteforeldrenes klimaaksjon (BKA)	31
4.2.7 Kira Gilling Hansen, Sammen om verdensmål	32
4.2.8 Bengt Sundbaum & Lena Hammarbäck, Grandparents for Future	32
4.2.9 Matti Nummelin, Ilmastoisovanhemmat	33
4.2.10 Anne Grethe Hansen, Bedsteforældrenes Klimaaktion	34
4.2.11 Hjálmar W. Árnason, Friends of Icelandic Nature	35
4.2.12 Ólavur Poulsen, <i>Føroya Náttúru- og Umhvørvisfelag</i>	35
4.2.13 Bente Bakke, Besteforeldrenes klimaaksjon (BKA)	36
4.2.14 Pallborðsumræður	37
4.3 Hópavinna	38

4.3.1 Samvinna eldra fólks á Norðurlöndunum í loftslagsmálum	39
4.3.2 Ráðleggingar til norræna stjórnvalda	41
5. Meginniðurstöður, umræða og lokaorð	42
Heimildir	44
Viðauki	47
Dagskrá málstofunnar	47
Þátttakendur í málstofu	50
Samtök sem tóku þátt í málstofu, vefsíður og tengiliðir	52
Hópaskipting þátttakenda í málstofu	53

Formáli

Ísland fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni 2023 og í tilefni af því hafði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið frumkvæði að norrænu verkefni með það að meginmarkmiði að kortleggja og styrkja starf eldra fólks á Norðurlöndunum í loftslagsmálum. Hugmyndin byggði m.a. á þeirri vitneskju að hópar aldraðra í Svíþjóð hefðu beitt sér á þessu sviði og þeirri trú að hægt væri að efla þessa starfsemi enn frekar með því að tengja saman fleiri hópa á öllum Norðurlöndunum, þ.m.t. á Íslandi.

Á síðustu árum hefur hlutfall eldra fólks af íbúafjölda Norðurlandanna farið hækkandi samfara hækkandi meðalaldri og tiltölulega lágri fæðingartíðni. Fólk á eftirlaunaaldri hefur gjarnan meiri tíma aflögu og er betur stætt fjárhagslega en yngra fólk. Auk þess er eldra fólk nú alla jafna við betri heilsu en jafnaldrar þess voru fyrir fáeinum áratugum og þetta fólk býr líka yfir mikilli reynslu og þekkingu sem ótvírætt getur nýst í loftslagsumræðunni. Virk þátttaka eldra fólks í starfi af þessu tagi er til þess fallin að auðga líf þeirra sjálfra og bæta um leið lífsskilyrði komandi kynslóða. Reynslan og þekkingin eru auðlindir sem samfélögin tapa á að nýta ekki.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið er eðli málsins samkvæmt ráðuneyti loftslagsmála á Íslandi. Hins vegar fer félags- og vinnumarkaðsráðuneytið með málefni aldraðra og því var ákveðið að ráðuneytin myndu vinna sameiginlega að verkefninu. Stærstur hluti fjármögnunarinnar kom frá Norrænu ráðherranefndinni í tengslum við formennskuáætlun Íslands.

Verkefnið sem hér um ræðir er fyrsta norræna verkefnið á þessu sviði. Verkefnið leggur sitt af mörkum til framtíðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2030, sérstaklega til að fylgja eftir stefnu um græn Norðurlönd og um félagslega sjálfbær Norðurlönd. Um leið stuðlar verkefnið að því að Norðurlöndin nálgist þau tólf meginmarkmið sem Norræna ráðherranefndin hefur sett fyrir tímabilið 2021–2024.

Verkefnið var allt unnið á árinu 2023 og skiptist í þrjú verkhluta. Í fyrsta lagi var tekið saman yfirlit yfir aðila, samstarf og verkefni eldra fólks á Norðurlöndunum á sviði loftslagsmála, í öðru lagi var haldin norræn málstofa um eldra fólk og loftslagsmál og í þriðja lagi var tekin saman lokaskýrsla með grunnupplýsingum, samantekt frá málstofunni og ráðleggingum til stjórnvalda um aðgerðir til að styðja samstarf eldra fólks á Norðurlöndunum á sviði loftslagsmála. Sú skýrsla birtist hér.

Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice) sá um framkvæmd verkefnisins samkvæmt samningi við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og í samstarfi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, auk annarra aðila.

Hvanneyri í nóvember 2023

Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice

Samantekt

Á síðustu árum hefur hlutfall eldra fólks af íbúafjölda Norðurlandanna farið hækkandi samfara hækkandi meðalaldri og tiltölulega lágri fæðingartíðni. Fólk á eftirlaunaaldri hefur gjarnan meiri tíma aflögu og er betur stætt fjárhagslega en yngra fólk. Auk þess býr eldra fólk nú alla jafna við betri heilsu en jafnaldrar þess fyrir fáeinum áratugum og þetta fólk býr líka yfir mikilli reynslu og þekkingu sem ótvírætt getur nýst í loftslagssumræðunni. Virk þátttaka eldra fólks í starfi af þessu tagi er til þess fallin að auðga líf þeirra sjálfra og bæta um leið lífsskilyrði komandi kynslóða. Reynslan og þekkingin eru auðlindir sem samfélögin tapa á að nýta ekki.

Með hliðsjón af þeirri þróun sem hér hefur verið lýst ákváðu íslensk stjórnvöld að gera starf eldra fólks að loftslagsmálum að sérstöku áhersluverkefni á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2023. Yfirskrift verkefnisins var „Äldre folk och klimat – Nyttan för båda två“ (Eldra fólk og loftslagsmál – Báðum til gagns), sem vísar annars vegar til þess mikla mannauðs og þeirrar víðtæku þekkingar sem býr í frísku fólki á eftirlaunaaldri og hins vegar til þess gagns sem þetta fólk getur gert í loftslagssumræðunni – í þágu komandi kynslóða.

Verkefnið sem hér um ræðir var sem fyrr segir hluti af formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni og var því eðli málsins samkvæmt fjármagnað að langmestu leyti af ráðherranefndinni. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið stýrði verkefninu fyrir Íslands hönd í samvinnu við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Háskóli þriðja aldursskeiðsins (U3a) var hafður með í ráðum í undirbúningi verkefnisins og ráðgjafarfyrtækið Environice (Umhverfisaráðgjöf Íslands ehf.) var fengið til að leiða verkefnið og sjá um framkvæmd á einstökum þáttum þess.

Verkefnið

Verkefnið sem um ræðir er fyrsta norræna verkefnið á þessu sviði. Markmið voru í aðalatriðum þessi:

1. Kortleggja núverandi starfsemi og tengslanet í hverju landi .
2. Þjóða upp á norrænan vettvang til að skiptast á hugmyndum og innblæstri.
3. Kanna hvernig efla megi og viðhalda norrænu samstarfi eldra fólks í loftslagsmálum.
4. Gefa ráðleggingar til norrænna ríkisstjórna um hvers vegna og hvernig þær ættu að styðja við hópa aldraðra sem einbeita sér að loftslagsmálum.
5. Stuðla að langvarandi líkamlegri og andlegri heilsu.

Verkefnið hófst í mars 2023 og samanstóð af þremur verkþáttum. Fyrsti áfanginn fólst í að kortleggja loftslagstengda hópa og starfsemi eldra fólks í hverju Norðurlandanna um sig. Áfangaskýrsla með niðurstöðum þessa verkþáttar kom út sem vinnuskjal í byrjun júlí. Í stuttu máli sýndi hún að hópar eldra fólks, sem einbeita sér að loftslagsmálum, eru nú þegar virkir í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku. Margir þessara hópa leggja áherslu á hlutverk ömmu og afa gagnvart barnabörnum sínum, eins og lesa má úr nöfnum sumra hópanna. Einn hópur í hverju landi er virkur í nýlegu og vaxandi tengslaneti fyrir evrópska afa og ömmur sem vinna í þágu loftslagsmála.^[1]

Málstofan

Annar áfangi verkefnisins var málstofa um aldraða og loftslagsmál, sem haldin var í Reykjavík 27.–28. september 2023. Þangað var boðið fulltrúum allra þeirra félagasamtaka og hópa sem upplýsingar fengust um í fyrsta hluta verkefnisins, nánar tiltekið u.þ.b. tveimur þátttakendum frá hverju Norðurlandanna, auk utanaðkomandi aðila, annað hvort til að halda fyrirlestur eða taka þátt í pallborðsumræðum. Markmið málstofunnar var að búa til vettvang til að miðla reynslu eldra fólks í loftslagsmálum og skapa umræðu um það hvernig stjórnvöld á Norðurlöndunum gætu ýtt undir starf aldraðra Norðurlandabúa að loftslagsmálum. Málstofan var þar að auki öllum opin án endurgjalds og þar sem löng ferðalög til málstofunnar þóttu vera á skjön við umfjöllunarefnið var fólki einnig boðið að fylgjast með í streymi.

Þátttakendur í málstofunni voru samtals 41, auk þeirra sem tóku þátt á netinu. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, heiðraði samkomuna með því að flytja ávarp við opnun hennar. Að því loknu voru nokkur framsöguerindi, pallborðsumræður og hópavinna á dagskrá. Málstofan stóð frá hádegi á miðvikudegi til hádegis á fimmtudegi og í lok hennar var þátttakendum boðið í kynnisferð um Reykjanesskagann, þar sem m.a. gaf að líta fjölmörg merki um jarðfræðilega virkni svæðisins.

Eldri borgarar frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Íslandi og Færeyjum sóttu málstofuna auk aðalfyrirlesara frá svissneska hópnum *Klimaseniorinnen Schweiz*. Árið 2016 ákærðu samtökin svissnesk yfirvöld fyrir aðgerðarleysi í loftslagsmálum, sem samtökin töldu vera brot á skyldu ríkisstjórnarinnar til að vernda líf, heimili og fjölskyldur svissneskra ríkisborgara. Eftir að málinu hafði í þriggja árin verið vísað frá svissneskum dómstólum ákváðu samtökin að fara með málið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Dómstóllinn samþykkti að taka málið til efnislegrar meðferðar og er gert ráð fyrir að úrskurður geti hugsanlega legið fyrir í lok ársins.

Íslenskir og færeyskir þátttakendur í málstofunni sýndu því starfi sem þegar hefur farið fram í hinum löndunum fjórum mikinn áhuga. Að málþinginu loknu hafa verið

1. Ingibjörg Ólöf Benediktsdóttir og Stefán Gíslason (2023).

haldnir óformlegir fundir til að undirbúa hugsanlega stofnun slíkra hópa í báðum löndum, en fram til þessa hafa engir loftslagstengdir hópar aldrei verið starfandi þar.

Ljóst var á málstofunni að þátttaka í loftslagstengdu starfi hefur gefið daglegu lífi margs eldra fólks aukinn tilgang, enda kom fram að gefandi væri að berjast fyrir því að heimurinn verði betri staður fyrir barnabörnin og komandi kynslóðir almennt, ekki síst þegar fólk gæti nýtt menntun sína og reynslu í þeim tilgangi. Greinilegt var að eldra fólkið var innblásið af loftslagsbaráttu yngri kynslóða. Fram kom að mikilvægt væri að vera sýnileg í mótæmum en einnig að vinna á bak við tjöldin með stjórnáráðgjöf og breytingum á lögum og reglum. Þátttakendur voru sammála um að góður grundvöllur væri fyrir norrænu tengslaneti eldri loftslagssinna.

Niðurstöðurnar

Þriðji áfangi verkefnisins fólst í því að taka saman skýrslu með grunnupplýsingum, samantekt frá málstofunni og ráðleggingum til stjórnvalda á Norðurlöndunum um það sem þau gætu gert til að styðja við starf eldra fólks á sviði loftslagsmála. Sú skýrsla birtist hér.

Draga má mikilvægustu skilaboð verkefnisins saman í eftirtalin atriði:

1. Eldra fólki á Norðurlöndum fer fjölgandi. Nú eru um 15–23% norrænu þjóðanna eldri en 65 ára og stór kynslóð nálgast eftirlaunaaldur. Þessi kynslóð mun líklega breyta því hvernig starfslok líta út. Lífslíkur þessara hópa eru meiri en fyrri kynslóða, menntunarstig þeirra er hærra og heilsa þeirra að öllum líkindum betri en margra fyrri kynslóða. Þarfir þessara hópa fyrir virkni og farsæla öldrun verða aðrar en áður og hæfni til að nýta nýja tækni í samskiptum meiri og mikilvægari en verið hefur. Þessu til viðbótar hefur fólk á þessum aldri alla jafna meiri frítíma og er betur sett fjárhagslega en yngra fólk.
2. Sjálfböðastarf aldrei í loftslagsmálum er hagkvæmt fyrir það sjálft, vegna þess að þátttaka í slíku starfi heldur fólki virku og bætir þar með líkamlega og andlega heilsu þess. Þetta mun væntanlega hafa í för með sér lægri kostnað í heilbrigðiskerfinu.
3. Sjálfböðaliðastarf aldrei í loftslagsmálum er hagkvæmt fyrir stjórnvöld í viðkomandi landi þar sem þessi hópur er dýrmæt uppspretta þekkingar og reynslu sem stjórnvöld geta nýtt sér í loftslagstengdri stefnumótun og ákvarðanatöku. Jafnvel er hægt að þýða þessa auðlind yfir í krónur og aura, þar sem þekking er alla jafna hvorki ótakmörkuð né ókeypis.
4. Sjálfböðastarf aldrei í loftslagsmálum er hagkvæmt fyrir loftslagið, þar sem það er líklegt til að stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda og minni þörf fyrir aðlögunaraðgerðir á komandi árum. Betra loftslag og betri lífsskjör komandi kynslóða eru í raun samheiti. Líklegt er að þetta öfluga starf

aldraðra í loftslagsmálum leiði til minni útgjalda vegna aðlögunar á næstu árum og áratugum.

5. Atriðin hér að framan eru helstu ástæður þess að stjórnvöld ættu að styðja sjálfbóðaliðastarf aldraðra í loftslagsmálum.

Ráðleggingar til norrænna stjórnvalda

Meginniðurstöður málstofunnar felast í eftirfarandi ráðleggingum til stjórnvalda á Norðurlöndunum um það hvernig þau ættu að styðja við starf aldraðra í loftslagsmálum:

1. Ráðleggingar til stjórnvalda á landsvísu:
 - a. Veita loftslagstengdum hópum eldra fólks fjárhagslegan stuðning, á borð við þann sem *BKA* í Noregi hafa fengið, til að auðvelda þeim að samræma störf sín á landsvísu og gera þeim kleift að eiga samstarf við kollega sína á öðrum Norðurlöndum og utan Norðurlandanna.
 - b. Þjóða þessum hópum til samræðna/samráðs, svo sem við gerð opinberrar loftslagsstefnu, loftslagsáætlana, laga og reglugerða.
 - c. Efla menntun til sjálfbærni fyrir allar kynslóðir með því að efla og styðja við tengsl milli kynslóða, einkum milli eldra fólks og ungmenna.
 - d. Skapa eða útvega vettvang fyrir athafnir, fundi og mótmæli á vegum loftslagstengdra hópa eldra fólks.
2. Ráðleggingar til Norrænu ráðherranefndarinnar:
 - a. Þjóða loftslagstengdum hópum aldraðra á norræna fundi og námskeið til að njóta góðs af þekkingu þeirra og reynslu og gefa þeim rödd í umræðunni.
 - b. Skipuleggja árlegar norrænar loftslagsráðstefnur í því skyni að skapa vettvang fyrir ný tengsl og útbreiðslu þekkingar og hugmynda.
 - c. Veita fjárhagsaðstoð til að byggja upp grunn fyrir samræmda miðlun upplýsinga, svo sem í gegnum norræna vefsíðu, vefnámskeið o.s.frv.
 - d. Styðja samhæfingu verkefna á norrænum vettvangi með þátttöku loftslagstengdra hópa aldraðra á öllum Norðurlöndunum.
 - e. Greina tækifæri til gera loftslagsstarf norrænna hópa eldra fólks sýnilegt utan Norðurlandanna til að styrkja og varðveita stöðu Norðurlandanna sem frumkvöðla á þessu sviði.
 - f. Íhuga stofnun „Norðurlandaráðs fyrir aldraða og loftslagsmál“.

Summary

In recent years, the proportion of seniors in the population of the Nordic countries has been increasing, along with rising average age and relatively low birth rate. People of retirement age tend to have more free time and are better off financially than younger people, and, in addition, older people are now generally in better health than their peers were a few decades ago. These people also have a lot of experience and knowledge that can undoubtedly be useful in the climate debate. The active participation of older people in activities of this kind serves to enrich their own lives and, at the same time, improve the living conditions of future generations. This experience and knowledge are resources that societies miss out on by not utilising.

Iceland holds the chairmanship of the Nordic Council of Ministers 2023, and on that occasion, the Ministry of the Environment, Energy, and Climate, in co-operation with the Ministry of Social Affairs and Labour Market, initiated a Nordic project with the main goal of mapping and strengthening the work of older people in the Nordic countries in the field of climate issues. The idea was based on the knowledge that groups of seniors in Sweden had been active in this field and the belief that this activity could be further promoted by connecting more groups in all the Nordic countries, including Iceland. Environice consulting in Iceland was contracted to co-ordinate the project.

The project

The project in question is the first Nordic project in this field. The objectives can be summarised as follows:

1. Map existing activities and networks in each country.
2. Offer a Nordic platform for the exchange of ideas and inspiration.
3. Explore how Nordic co-operation can be strengthened and maintained.
4. Give recommendations to the Nordic governments on why and how they should support groups of older people who engage in climate issues.
5. Contribute to longer lasting physical and psychological health.

The project started in March 2023 and consisted of three phases or work packages. The first phase was the mapping phase, where climate related groups and activities of seniors in each of the Nordic countries were identified. A preliminary report with these findings was published as a working paper in the beginning of July.^[2] In short,

2. Ingibjörg Ólöf Benediktsdóttir and Stefán Gíslason (2023).

it showed that groups of older people, focusing on climate issues, are already active in Norway, Sweden, Finland, and Denmark. Many of these emphasise the role of grandparents towards their grandchildren, as reflected in the names of some of groups. One group in each country is active within the recent and growing network of *European Grandparents for Climate*.

The workshop

The second phase was a workshop on seniors and climate issues, held in Reykjavík 27–28 September 2023. All identified groups from phase 1 were invited to present their work during the workshop and to participate in panels and group discussions. The workshop was also open for everybody, free of charge. Most of the groups accepted the invitation and sent their representatives, either to participate in person or online. However, due to the location of the workshop, a few potential participants were unable to participate in person, as Iceland cannot easily be visited without travelling by flight with substantial GHG-emissions.

In total, the workshop attracted 41 participants, apart from those participating online. The president of Iceland, Mr. Guðni Th. Jóhannesson, honoured the event by giving a speech at the opening of the workshop. After that, the agenda consisted of several keynotes, panel discussions and group work. At the end of the workshop, participants were invited to a bus trip to the most geologically active Reykjanes peninsula.

Seniors from Norway, Sweden, Finland, Denmark, Iceland, and The Faroe Islands attended the workshop, in addition to a keynote speaker from the Swiss group *Klimaseniorinnen*, who have taken their government to the European Court of Human Rights for failing to fulfil its positive obligations under the European Convention on Human Rights, since the state is not doing everything in its power to prevent a global temperature rise of more than 1.5°C and thereby also failing to effectively protect elderly women in Switzerland.

Notably, workshop participants from Iceland and The Faroe Islands, where no climate-related groups of older people have yet been established, showed a lot of interest in the work already taken place in the other four countries. After the seminar, informal meetings have been held to prepare a possible establishment of such groups in both countries.

It was clear from the workshop, that participation in climate-related activities has given an added meaning to the daily life of many elderly individuals, as it makes sense to them to fight for the world to be a better place for their grandchildren and for coming generations in general, not least when they can use their education for that purpose. The older people are inspired by the younger generations' climate struggle. Several of the participants believed that it is important to be visible in protests, but also to work behind the scenes in collaboration with politicians to

change laws and regulations. In the end, the participants agreed that there is a good basis for a Nordic network for older climate activists.

The findings

The third phase of the project included compiling a report with basic information, a summary from the seminar, and recommendations to the authorities in the Nordic countries about what they could do to support the work of seniors in the field of climate issues. That report is presented here.

The main messages from the project can be summarised as follows:

1. The number of older people in the Nordics is growing. As of writing, approximately 15–23% of the population is over 65 years old, and a large generation is now approaching retirement age. This generation is likely to change what retirement looks like. The life expectancy of these groups is greater than that of previous generations, their level of education is higher, and their health is presumably better than that of many previous generations. These groups' needs for activity and successful aging will be different than before and the ability to use new technologies in communication will be much more important than it has been. In addition to this, people at this age tend to have more free time and are better off financially than younger people.
2. Older people's voluntary work on climate issues is beneficial for themselves, because it has the potential to keep them active and, thus, improve their physical and mental health. This will, presumably, entail lower health care costs.
3. Older people's voluntary work on climate issues is beneficial for national authorities, as this group is a valuable source of knowledge and experiences, that governments can gain from in their climate-related policy development and decision-making. This resource can even be translated into monetary terms, as knowledge, in general terms, is neither unlimited nor free of charge.
4. Older people's voluntary work on climate issues is beneficial for the climate, as it is likely to contribute to lower GHG-emission and less need for adaptive actions in the years to come. Better climate is, in fact, a synonym for better living conditions for future generations. This contribution is likely to lower climate-related public expenditure in the near future.
5. The points above are the main reasons why the governments should support older people's voluntary work on climate issues.

The recommendations

The main recommendations from the workshop and, thus, the main results from this project are as follows:

The governments of the Nordic countries should support older people's voluntary work on climate issues in the following ways:

1. On the national level:
 - a. Provide financial support to these groups, such as that received by BKA in Norway, to assist them in co-ordination of their work on the national level and to enable them to co-operate with their colleagues in other Nordic countries and outside the Nordic area.
 - b. Invite climate-related groups of older people to dialogue / consultations, such as in the preparation of public climate policies, climate mitigation plans, laws, and regulations.
 - c. Strengthen education for sustainability for all generations by strengthening and fostering inter-generational links, especially between older people and the youth.
 - d. Provide venues for activities, meetings, and demonstrations, organised by climate-related groups of older people.
2. On the Nordic level:
 - a. Invite climate-related groups of older people to Nordic meetings and seminars, in order to benefit from their knowledge and experience and to give them a voice in the discussion.
 - b. Organise annual Nordic climate conferences in order to create a platform for new contacts and spreading of knowledge and ideas.
 - c. Provide financial support to build a base for consistent sharing of information, such as through a Nordic webpage, webinars, etc.
 - d. Support Nordic co-ordination of efforts, involving climate-related groups of older people in all the Nordic countries.
 - e. Identify opportunities for international outreach to preserve the status of the Nordic countries as forerunners in older people's work on climate-related issues.
 - f. Consider establishing a "Nordic council for seniors and the climate".

1. Inngangur

Fjölmennar kynslóðir nálgast nú eftirlaunaaldur og eru líklegar til að breyta ásýnd hans. Lífslíkur þessara hópa eru meiri en kynslóðanna á undan, menntunarstig hærra og heilsa væntanlega betri en hjá mörgum fyrri kynslóðum. Þörf þessara hópa fyrir virkni og farsæla öldrun verður önnur en áður og ekki síst verður leikni til notkunar á nýrri tækni í samskiptum mun meiri og mikilvægari en hún hefur verið.

Stór hluti sjálfboðaliða er fólk á eftirlaunaaldri, enda hefur fólk á þessum aldri gjarnan meiri tíma aflögu og er betur stætt fjárhagslega en yngra fólk. Á síðustu áratugum hefur eldri sjálfboðaliðum auk heldur fjölgað mikið samfara auknum lífslíkum og batnandi heilsu eldri kynslóða. Nýjustu tölur frá Vive, rannsókn- og greiningarmiðstöð velferðar í Danmörku, sýna að 28% fleiri 67 ára og eldri og 43% fleiri 77 ára og eldri vinna sjálfboðavinnu í dag en fyrir 20 árum.^[3] Stór hluti þessara sjálfboðaliða er vel stætt fólk með langa menntun að baki og við tiltölulega góða heilsu. Fólk yfir 65 ára aldri er alla jafna mun heilbrigðara, útsjónarsamara og virkara nú en jafnaldrar þess voru fyrir 20 árum, sérstaklega á fyrstu árunum eftir verklok á vinnumarkaði. Á sama tíma hafa hugmyndir samfélagsins um ellina breyst. Hugmyndinni um að þú eigir að gera gagn, ekki bara fyrir þig og fjölskylduna heldur líka fyrir samfélagið, hefur vaxið fiskur um hrygg síðan á tíunda áratugnum. Þetta endurspeglast í sjálfboðavinnunni sem lífeyrisþegar stunda í auknum mæli.

Sjálfboðaliðar fást við ýmis verkefni, en á allra síðustu árum hafa æ fleiri slíkir hópar látið til sín taka í umræðum um loftslagsmál. Að einhverju leyti sækir það starf innblástur til sænsku baráttukonunnar Gretu Thunberg, en það sem rekur fólk fyrst og fremst til að taka þátt í verkefnum á þessu sviði eru síversnandi framtíðarhorfur í ljósi þess hversu hægt hefur gengið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá athöfnum manna á jörðinni. Baráttufólk í loftslagsmálum er á öllum aldri, en á síðustu misserum hefur eldra fólk orðið sífellt meira áberandi á þessu sviði, ekki síst á Norðurlöndunum og í öðrum löndum Vestur-Evrópu.

Með hliðsjón af þeirri þróun sem hér hefur verið lýst ákváðu íslensk stjórnvöld að gera starf eldra fólks að loftslagsmálum að sérstöku áhersluverkefni á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2023. Yfirskrift verkefnisins var „Äldre folk och klimat – Nytt för båda två“ (Eldra fólk og loftslagsmál – Báðum til gagns), sem vísar annars vegar til þess mikla mannauðs og þeirrar víðtæku þekkingar sem býr í frísku fólki á eftirlaunaaldri og hins vegar til þess gagns sem þetta fólk getur gert í loftslagsumræðunni – í þágu komandi kynslóða.

Verkefnið sem hér um ræðir var sem fyrr segir hluti af formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni og var því eðli málsins samkvæmt fjármagnað að

3. De Frivilliges Hus (2022).

langmestu leyti af ráðherranefndinni. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið stýrði verkefninu fyrir Íslands hönd í samvinnu við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Háskóli þriðja aldursskeiðsins (U3a) var hafður með í ráðum í undirbúningi verkefnisins og ráðgjafarfyrtækið Environice (Umhverfiráðgjöf Íslands ehf.) var fengið til að leiða verkefnið og sjá um framkvæmd á einstökum þáttum þess.

Samkvæmt verkefnislýsingu gekk verkefnið sem hér um ræðir út á að efla samstarf milli hópa eldra fólks á Norðurlöndunum á sviði loftslagsmála. Verkefnið náði til allra landa og landsvæða sem eiga aðild að Norrænu ráðherranefndinni, þ.e.a.s. Norðurlandanna fimm (Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar) og sjálfstjórnarsvæðanna þriggja (Álandseyja, Færeyja og Grænlands). Ekki tókst þó að tryggja fulla virkni Álandseyja og Grænlands í verkefninu. Markmið verkefnisins var að virkja fleira eldra fólk í loftslagsmálum með því að skapa norrænan vettvang fyrir hugmyndaskipti, tengslanet, innblástur og góðar fyrirmyndir og stuðla um leið að varanlegri líkamlegri og andlegri heilsu þátttakenda.

Verkefninu var skipt upp í þrjú skref eða verkþætti:

1. Taka saman yfirlit yfir aðila, samstarf og verkefni eldra fólks á Norðurlöndunum á sviði loftslagsmála.
2. Undirbúa, boða til og sjá um norræna málstofu um eldra fólk og loftslagsmál.
3. Taka saman skýrslu með grunnupplýsingum, samantekt frá málstofunni og ráðleggingum til stjórnvalda á Norðurlöndunum um það sem þau gætu gert til að styðja við starf eldra fólks á sviði loftslagsmála.

Sú skýrsla sem hér birtist hefur að geyma afrakstur verkefnisins, en áður hafði verið gefið út vinnuskjal (áfangaskýrsla) með helstu niðurstöðum fyrsta verkhlutans.^[4] Upplýsingar sem þar komu fram hafa verið felldar inn í þessa skýrslu.

Skýrslan sem hér birtist er þannig upp byggð að í 2. kafla er gefið yfirlit yfir samstarf eldra fólks á Norðurlöndunum á sviði loftslagsmála (í raun endurbætt útgáfa áfangaskýrslu), í 3. kafla er fjallað stuttlega um evrópskt tengslanet sem loftslagshópar aldraðra í álfunni eru að byggja upp, í 4. kafla er greint frá málstofu verkefnisins sem haldin var í Reykjavík 27.–28. september 2023 og í 5. kafla eru meginniðurstöðurnar dregnar saman. Þar er m.a. að finna ráðleggingar til stjórnvalda á Norðurlöndunum um það sem þau gætu gert til að styðja við starf eldra fólks á sviði loftslagsmála. Aftast í skýrslunni er síðan heimildaskrá, auk viðauka með yfirliti yfir þátttakendur í málstofu o.fl.

4. Ingibjörg Ólöf Benediktsdóttir og Stefán Gíslason (2023).

2. Samstarf eldra fólks á sviði loftslagsmála

Í þessum kafla er að finna samantekt yfir helstu hópa eldra fólks á Norðurlöndunum sem hafa látið loftslagsmál til sín taka, hvort sem um er að ræða formleg samtök eða óformlegar grasrótahreyfingar. Samanteknin er í öllum aðalatriðum sú sama og birtist í áfangaskýrslu fyrsta hluta verkefnisins.^[5]

2.1 Noregur

Í Noregi búa um 5,5 milljónir manns, þar af 18,1% 65 ára og eldri samkvæmt tölum frá 2021.^[6] Norðmenn hafa vaxandi áhyggjur af loftslagsbreytingum samkvæmt könnun sem gerð var fyrir háskólann í Bergen. Könnunin hefur verið gerð reglulega síðan 2013 og í fyrsta skipti í tíu ár kvaðst nú meira en helmingur þátttakenda 63ja ára og eldri vera „áhyggjufullur“ eða „mjög áhyggjufullur“. Niðurstöður könnunarinnar sýna jafnframt að áhyggjur aukast mest meðal fólks yfir sextugu.^[7]

2.1.1 Besteforeldrenes klímaaksjon (BKA)

Besteforeldrenes klímaaksjon (BKA) eru mjög virk og fjölmenn samtök sem töldu samtals 6.870 meðlimi í janúar 2023. Samtökin voru stofnuð árið 2006 og hafa síðan stækkað ár frá ári. Meðlimir greiða félagsgjöld sem standa undir launum starfsfólks við almennt utanumhald og skipulag á fræðslu og viðburðum.^[8] Í Noregi fá umhverfisverndarsamtök styrk frá ríkinu ef 5.000 manns eða fleiri greiða félagsgjöld. Þetta þýðir að nú fær BKA árlegt framlag á fjárlögum norska ríkisins.

BKA er með 17 staðbundna hópa í Noregi frá Alta og Tromsø í Norður-Noregi og Bergen á vesturströndinni til Kristiansands í suðri. Mikil virkni er í hópunum og þeir hafa víða verið með upplýsingabása þar sem hópfélagar tala við fólk, gefa því upplýsingaefni og leita að nýjum meðlimum.

BKA er með mjög skýra stefnu og með því að innheimta félagsgjald hafa samtökin ráð á að setja fé í markaðssetningu og hin ýmsu málefni sem þau vilja styrkja. Samtökin vilja meðal annars stuðla að lífstíl sem leiðir til minni losunar gróðurhúsalofttegunda. Þau vilja að norsk stjórnvöld tryggi að íbúarnir verði hluti af lausn loftslagsvandans (eins og segir í 12. grein Parísarsamkomulagsins), að stuðlað verði að minni notkun jarðefnaeldsneytis og að öll olíu- og gasleit við Noreg verði stöðvuð og vinnslu hætt. Á heimasíðu samtakanna má m.a. finna fræðslu um

5. Ingibjörg Ólöf Benediktsdóttir og Stefán Gíslason (2023).
6. Trading Economics (2021).
7. Besteforeldrenes klímaaksjon (2022).
8. Besteforeldrenes klímaaksjon (2023).

umhverfis- og loftslagsmál, upplýsingar um undirhópa samtakanna víðsvegar um Noreg og skýrslur frá þeim árs- og landsstjórnarfundum sem haldnir hafa verið.

BKA er hluti af evrópsku tengslaneti eldra fólks sem lætur til sín taka í loftslagsmálum (sjá síðar).

2.1.2 Norges naturvernforbund

Innan norsku náttúruverndarsamtakanna *Norges naturvernforbund* er starfræktur ungmennahópur fyrir yngri meðlimi samtakanna, en ekkert sérstakt starf er þar í gangi fyrir elstu meðlimina. Engu að síður er eldra fólk áberandi innan samtakanna, enda hefur eldra fólk gjarnan rýmri tíma en aðrir til að sinna sjálfboðastarfi.^[9]

2.2 Svíþjóð

Í Svíþjóð búa um 10,2 milljónir manns, þar af 20,2% 65 ára og eldri samkvæmt tölum frá 2022.^[10] Svíar eru mjög meðvitaðir um loftslagsmál og hafa auknar áhyggjur af loftslagsbreytingum og afleiðingum þeirra. Tveir af hverjum þremur íbúum Svíþjóðar eru þeirrar skoðunar að stjórnámálamenn þurfi að gera meira til að takmarka loftslagsbreytingar og meira en helmingi íbúa finnst þurfa að setja þak á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í Svíþjóð. Áhyggjur eldri íbúa (65–79 ára) hafa sérstaklega aukist á síðustu árum, en um 63% þeirra hugsa um loftslagsbreytingar og áhrif gróðurhúsalofttegunda a.m.k. einu sinni í viku.^[11]

Margir umhverfis- og loftslagshópar eru starfandi í Svíþjóð og margir slíkir hafa verið stofnaðir síðasta árið.^[12] Vitund um loftslagsbreytingar virðist aukast hratt, jafnt hjá ungum Svíum sem öldnum, væntanlega m.a. vegna áhrifa frá Gretu Thunberg. Það sem byrjaði sem eins manns verkfall árið 2018 er í dag orðið að *Fridays for Future (Föstudagar fyrir framtíðina)*, alþjóðlegri hreyfingu sem beinir athygli að loftslagsmálum og aðgerðum sem þarf að sinna á því sviði. Margir hópanna deila sömu hugmyndafræði og hittast á föstudögum til að mótmæla loftslagsbreytingum og aðgerðaleyfi stjórnvalda.

2.2.1 Gretas Gamlingar

Gretas gamlingar eru umhverfisverndarsamtök eldra fólks með 1.300–2.500 meðlimum. Nafnið vísar til Gretu Thunberg, en meðlimir samtakanna vilja sýna að ungir og aldnir hafi sameiginlegar áherslur í loftslagsmálum. Samtökin taka þátt í alls kyns starfi til að vekja athygli á loftslagsógninni og hvetja til úrbóta. *Gretas gamlingar* eru með í *Fridays for Future*, þar sem þau hittast einu sinni í viku og mótmæla aðgerðaleyfi stjórnámálanna í loftslagsmálum.^[13]

9. Naturvernforbundet (2023).
10. Knoema (2022d).
11. Gustaf Lind (2022).
12. Sofie Björck (2022).
13. Gretas Gamlingar (2023).

2.2.2 Grandparents for Future

Samtökin *Grandparents for Future* í Svíþjóð voru stofnuð sem Facebookhópur í desember 2018 og telja nú um 850 manns. Hópurinn er óformlegur og hefur hvorki stjórn, félagaskrá né sjálfstæðan fjárhag. Félagar í hópnum standa fyrir alls kyns viðburðum, bæði á netinu og í raunheimum, þ.á m. „coaching“, mótmælum, fjölbreyttum fyrirlestrum og fræðslu. Hópurinn álitur að orðin *afi* og *amma* hafi sérstakt gildi til að undirstrika ábyrgð eldri kynslóða á þeim heimi sem afkomendur þeirra munu taka við og lifa í. Fólk getur þó tekið fullan þátt í starfinu án þess að eiga barnabörn. *Grandparents for Future* styðja Gretu Thunberg og *Fridays for Future*.^[14]

2.2.3 Grand Panthers

Grand Panthers eru samtök eldra fólks sem mótmælir aðgerðaleyfi í loftslagsmálum einu sinni í mánuði. Samtökin hafa ekki einn ákveðinn leiðtoga heldur skiptist fólk á, sumir fara en aðrir koma í staðinn. Þar sem samtökin eru ekki með leyfi til að mótmæla heldur fólk sig eitt eða í litlum hópum í mótmælunum. Fólk úr hópnum reynir að hitta stjórnmalafólk eins oft og verða má til að tjá áhyggjur sínum af loftslagsmálum. Þau deila tengslaneti með *KlimatSverige*, *Fridays for Future*, *Klimatsvaret* og *Våra barns klimat* sem allt eru samtök sem beita sér fyrir aðgerðum í loftslagsmálum. *Grand Panthers* eru einnig hluti af evrópsku tengslaneti eldra fólks sem lætur til sín taka á þessu sviði (sjá síðar).^[15]

2.2.4 Grandmas for Future

Grandmas for Future er u.þ.b. 20 manna hópur í Katrineholm í Södermanland, suðvestur af Stokkhólmi. Meðlimum hópsins finnast loftslagsverkföll mikilvæg vegna þess að stjórnmalamenn séu ekki að gera nóg til að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins. Þeim finnst dásamlegt að efnt sé til verkfalla út um allan heim en vilja líka sýna það sama heima í Katrineholm. Þau leggja áherslu á að mótmæla í heimabæ sínum til þess að minnka kolefnisspor langra ferðalaga.^[16]

2.3 Finnland

Í Finnlandi búa rúmlega 5,5 milljónir manns, þar af 23,3% 65 ára og eldri samkvæmt tölum frá 2022.^[17] Í loftslagskönnun sem gerð var af Evrópska fjárfestingabankanum árið 2021 kom í ljós að 73% 65 ára og eldri Finna telja að loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra séu stærsta áskorunin fyrir mannkynið á 21. öldinni. Um það bil 49% svarenda töldu að þeir hefðu meiri áhyggjur af ástandinu í loftslagsmálum en stjórnvöld í landinu. Einnig töldu 49% að landinu

14. Grandparents for Future (2023).

15. Grand Panthers (2022).

16. Grandmas for Future (2022).

17. Knomea (2022b).

muni mistakast að draga úr koldíoxíðlosun sinni um 95% fyrir árið 2050,^[18] eins og fyrirheit eru gefin um í loftslagsstefnu stjórnvalda.^[19] Um 70% af þeim sem tóku þátt í könnuninni sögðust hlynnt strangari aðgerðum stjórnvalda til að knýja fram breytingar á hegðun fólks (7% fleiri en í sambærilegri könnun árið áður).^[20]

2.3.1 Ilmastisovanhemmat

Ilmastisovanhemmat (e. Grandparents for Future) eru samtök sem fylgjast með loftslagsaðgerðum bæði í Finnlandi og á alþjóðavettvangi. Um er að ræða formleg samtök með skipaða stjórn og stjórnarformann, ritara, túlka o.s.frv. Tilgangur samtakanna er að vinna að því að stemma stigu við loftslagsbreytingum og verja líffræðilega fjölbreytni, auk þess að stuðla að siðferðilegu og vistvænu jafnréttissamfélagi. Þau vilja einnig styðja við starfsemi barna og ungmenna og stuðla að réttlæti milli kynslóða.

Ilmastisovanhemmat dreifa upplýsingum um loftslagsmál, eiga frumkvæði að samfélagsumræðu, skipuleggja mótmæli og viðburði af ýmsu tagi og eru í samstarfi við önnur samtök og aðila sem stefna að sömu markmiðum. Samtökin halda m.a. úti bloggsíðu og eru með bókaklúbb þar sem hist er mánaðarlega á netinu og rætt um bók mánaðarins, sem fjallar alltaf um umhverfismál. Þá standa samtökin fyrir ýmiss konar mótmælum og nota þar skilti á sex tungumálum. Meðal annars er hist og mótmælt á hverjum föstudegi fyrir utan finnska þingið. Samtökin gefa út alþjóðlegt fréttabréf á ensku a.m.k. þrisvar á ári, m.a. með umfjöllun um það sem svipuð samtök í Evrópu eru að gera. Samtökin hvetja stjórnámálamenn til lagabreytinga í þágu loftslagsmála og eru mjög virk á helstu samfélagsmiðlum. Mikið er lagt upp úr alþjóðlegri samvinnu og vitundarvakningu í öðrum löndum.^[21] Þannig er *Ilmastisovanhemmat* hluti af evrópsku tengslaneti eldra fólks sem lætur til sín taka í loftslagsmálum (sjá síðar).

2.3.2 Aktivistimummot

Aktivistimummot (e. Activist Grannies) er samstarfsnet fyrir finnskar ömmur (og nokkra afa) sem hefur það að markmiði að berjast gegn loftslagsbreytingum og vernda náttúruna í þeim tilgangi að hafa áhrif á framtíð bæði eigin barnabarna og barnabarna heimsins. Þetta eru ekki opinber samtök, hafa enga félagaskrár, rukka ekkert félagsgjald og starfa að öllu leyti í sjálfböðavinnu.

Nokkrar ömmur tóku sig til árið 2019 og stofnuðu *Aktivistimummot*. Stækkandi, fjölfaglegur hópur af ömmum vinnur að markmiði hópsins og einstökum undirþemum (#skynsemi og #von) sem stofnömmurnar hafa skilgreint. Hópurinn stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum og einnig er mikið lagt upp úr fræðslu á heimasíðu hópsins, Facebooksíðu og Twitter. Fimmtán til tuttugu manna leiðtogahópur skipuleggur og samhæfir aðgerðir hópsins, en fylgjendur á Facebook

18. European Investment Bank (2021).

19. Ympäristöministeriö (á.á.).

20. European Investment Bank (2021).

21. Ilmastisovanhemmat (2023).

skipta þúsundum. Á vefsíðu hópsins kemur fram að þau telji sig „*heppin af því að við búum í landi með bestu menntun í heimi og þar af leiðandi líka menntuðustu ömmur í heimi*“.^[22]

2.4 Danmörk

Í Danmörku búa um 5,8 milljónir manns, þar af 20,5% 65 ára og eldri samkvæmt tölum frá 2022.^[23] Sjálfbærni virðist skipta eldri kynslóðir Dana miklu máli. Í könnun sem gerð var meðal rúmlega 1.000 Dana 60 ára og eldri, kom í ljós að yfir 60% hafa mikinn áhuga á loftslagsmálum og sjálfbærni og vilja gjarnan leggja sitt af mörkum til að draga úr mengun. Um 76% svarenda höfðu áhyggjur af áhrifum loftslagsbreytinga á komandi kynslóðir.^[24]

2.4.1 Bedsteforældrenes Klimaaktion

Bedsteforældrenes Klimaaktion er grasrótar- og aktivistahreyfing sem safnar saman þroskuðu fólki á aldrinum 50+, sem hefur áhyggjur af því hvers konar heimi þau eru að skila komandi kynslóðum. Hreyfingin leitast við að breiða út boðskapinn um réttar ákvarðanir í loftslagsmálum og þrýsta á stjórnámálamenn að axla ábyrgð og beita sér fyrir skjótum og áhrifaríkum grænum umskiptum. Hópurinn hittist reglulega í níu borgum víðsvegar um Danmörku þar sem safnast er saman til að mótmæla loftslagsbreytingum, auk þess sem þau taka þátt í námskeiðum og fræðslu um loftslagsmál og standa fyrir fjölbreyttum viðburðum.^[25]

2.4.2 Sammen om verdensmål

Sammen om verdensmål er verkefni 30 bókasafna í Danmörku sem hefur þann tilgang að virkja fólk yfir 60 ára í vinnu í þágu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Verkefnið er fjármagnað af VELUX FONDEN, hófst í febrúar 2021 og lýkur í desember 2023. Boðið er upp á starfsemi á völdum bókasöfnum þar sem íbúar geta hjálpað til við að þróa hugmyndir og lausnir í þeirra eigin bæ sem falla undir heimsmarkmiðin. Markmiðið með starfseminni er að þátttakendur verði virkir gerendur í staðbundnum áhrifum heimsmarkmiðanna. Verkefnið er einnig til þess gert að auka vellíðan og lífsgæði markhópsins þar sem fólk getur nýtt sína eigin hæfileika í nýjum félagsskap, um leið og verkefninu er ætlað að efla virkt og samfélagsskapandi hlutverk fólks 60 ára og eldri.^[26] Verkefnið hefur fengið mjög jákvæða umfjöllun í Danmörku og hafa verið skrifaðar tvær ítarlegar handbækur fyrir bókasafnsstarfsfólk um hvernig má virkja fólk í allskyns verkefnavinnu í þágu heimsmarkmiðanna. Báðar handbækurnar geta sem best nýst fólki utan bókasafnsgeirans.

22. Aktivistimummot (2023).

23. Knoema (2022a).

24. Line Marie Sommer (2021).

25. Bedsteforældrenes Klimaaktion (2023).

26. Sammen om verdensmål (2021).

2.5 Ísland

Á Íslandi búa um 388.000 manns samkvæmt tölum Hagstofunnar frá 2022. Af þeim eru um 15,3% eldri en 65 ára.^[27] Þessi hópur verður smátt og smátt meira áberandi í loftslagsumræðunni. Í Umhverfiskönnun Gallup árið 2022 var spurt hvort þátttakendur hefðu miklar, nokkrar, litlar eða engar áhyggjur af hlýnun jarðar. Um 73% svarenda 67 ára og eldri sögðust hafa mjög miklar eða nokkrar áhyggjur af hlýnun jarðar og 47% sögðust hafa áhyggjur af þeim afleiðingum sem loftslagsbreytingar gætu haft fyrir þau og fjölskyldur þeirra. Til samanburðar sögðust um 79% af svarendum í aldursflokknum 30–44 ára hafa mjög miklar eða nokkrar áhyggjur af hlýnun jarðar og 62% í þeim aldursflokki sögðust hafa miklar áhyggjur af þeim afleiðingum sem loftslagsbreytingar gætu haft fyrir þau og fjölskyldur þeirra. Þá sögðust 56% 67 ára og eldri vilja breyta hegðun sinni mjög mikið eða frekar mikið til að minnka áhrif sín á umhverfi og loftslag.^[28] Á þessum niðurstöðum má sjá að stór hluti eldra fólks á Íslandi er meðvitaður um loftslagsbreytingar og leiðir hugann að því hvaða áhrif þau sjálf geta haft og því hvernig framtíð fjölskyldna þeirra komi til með að líta út.

Engin samtök eða hópar fyrir eldra fólk sérstaklega helguð loftslagsmálum eru starfandi á Íslandi, en innan *U3A á Íslandi* (Háskóla þriðja æviskeiðsins) var nýlega stofnaður sérstakur umhverfishópur sem fæst við loftslagsmál og önnur umhverfismál. Loftslagsmál eru einnig til umræðu í fleiri hópum eldra fólks.

2.5.1 Háskóli þriðja æviskeiðsins (U3A)

Háskóli þriðja æviskeiðsins á Íslandi (U3A) eru sjálfstæð félagasamtök sem má rekja til undirbúnings og þátttöku Ingibjargar Rannveigar Guðlaugsdóttur í alþjóðaráðstefnu *World U3A* í Chitrakoot á Indlandi 2010. Samtökin á Íslandi (*U3A Reykjavík*) voru stofnuð 2012 og í dag eru meðlimir um 1.300 talsins. Í samræmi við samþykktir sínar hyggjast samtökin stuðla að því að félagsmenn hafi aðgang að fjölbreytilegri fræðslu án þess að um formlega skólagöngu sé að ræða. Einnig vilja samtökin stuðla að virkni og aukinni vitund félagsmanna og samfélagsins alls um mikilvægi þriðja æviskeiðsins, tækifærin sem í því felast og mannauðinn sem í því býr. Fræðslan byggir að mestu á jafningjafræðslu þar sem félagar samtakanna deila með sér þekkingu, reynslu og færni. Tilgangi sínum hyggjast samtökin ná m.a. með því að skipuleggja og sjá um fyrirlestra, ferðir og heimsóknir og með því að efla kynni við aðra innan og utan U3A hreyfingarinnar hvar sem er í heiminum.^[29]

Sérstakur umhverfishópur var stofnaður innan *U3A Reykjavík* haustið 2022 og hefur hann haldið þónokkra fundi síðan. Umhverfishópurinn heldur úti virkri Facebooksíðu og hefur hingað til haldið tvö málþing. Annað þeirra fjallaði um náttúru Íslands og

27. Knoema (2022c).

28. GALLUP (2022).

29. Háskóli þriðja æviskeiðsins (á.á.).

vernd hennar á tímum loftslagsbreytinga og hitt um líffræðilega fjölbreytni og sjálfbærni. Markmið umhverfishópsins er að fræða og upplýsa um það sem ógnar náttúru Íslands, bæði lífríki lands, lífríki ferskvatns, lífríki sjávar og jarðminjum, svo og að vekja athygli á leiðum til umhverfis- og náttúruverndar og efna til aðgerða sem bæta umhverfi og vinna gegn loftslagsvá. Einnig eru félagsmenn hvattir til að láta til sín taka í umhverfismálum almennt, auk þess sem hópurinn birtir hvatningarorð og ábendingar um umhverfisvænan lífsmáta.

U3A Reykjavík hefur ekki beitt sér sérstaklega í loftslagsmálum, en eins og sjá má hér að framan fléttast loftslagsmál á ýmsan hátt inn í viðfangsefni umhverfishóps samtakanna.

2.5.2 Landssamband eldri borgara (LEB)

Landssamband eldri borgara (LEB) eru sjálfstætt starfandi regnhlífarsamtök sem í eru 55 félög eldri borgara á Íslandi með samtals um 30.000 félagsmenn. Sambandið stuðlar að samvinnu félaga eldri borgara og að slík félög séu starfandi í öllum sveitarfélögum landsins.^[30] *LEB* hefur ekki beitt sér sérstaklega í umhverfismálum, en árið 2019 komu samtökin að umhverfisverkefni með fjárstyrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og smærri styrkjum frá öðrum aðilum. Þetta átak var í formi þriggja stikla sem sýndar voru í sjónvarpi, á heimasíðum og á vefmiðlum. Stiklurnar hvöttu fólk til að draga úr notkun einnota plastpoka, henda ekki lyfjum í ruslið eða vaskinn og að fara út að plokka rusl.

Við gerð þessarar samantektar var haft samband við þónokkur aðildarfélög *LEB* víðsvegar um landið til að kanna hvort umhverfismál hefðu verið sérstaklega á dagskrá hjá þeim. Ekkert aðildarfélaganna sem haft var samband við kvaðst hafa unnið með umhverfismál sem málaflokk, að einu félagi undanskildu þar sem fengnir höfðu verið nokkrir fyrirlesarar til að halda erindi um umhverfismál, auk þess sem nýr formaður hugðist setja loftslags- og umhverfismál í fastari forgang.

2.5.3 Vinir íslenskrar náttúru (VÍN)

Vinir íslenskrar náttúru (VÍN) eru frjáls félagasamtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.^[31] Tilgangur félagsins er að fjalla um náttúruverndarmál í íslenskum samtíma með sérstakri áherslu á skaðleg áhrif ágengra og framandi tegunda, og jafnframt að móta tillögur til úrbóta. Félagið heldur fundi, skipuleggur aðgerðir til náttúruverndar og miðlar upplýsingum til almennings í fjölmiðlum og á heimasíðu sinni um neikvæð áhrif framandi tegunda á lífríki og ásýnd íslenskrar náttúru. Einnig veitir félagið umsagnir um áætlanir, m.a. um lagafrumvörp og reglugerðardrög sem tengjast náttúruvernd. Félagið stuðlar að því að réttum og áreiðanlegum upplýsingum sé komið á framfæri, svo sem um kolefnisbindingu og kolefniseiningar. Einnig leggur félagið áherslu á að alþjóðleg vottunarkerfi séu notuð í

30. Landssamband eldri borgara (2021).

31. Vinir íslenskrar náttúru (2022).

kolefnisbindingu með viðurkenndum kröfum og viðmiðum sem samtímis taka tillit til íslenskra aðstæðna. Félagið gefur sig ekki út fyrir að vera einungis fyrir eldra fólk, en stór hluti stofnfélaga og greinarhöfundar *Vina íslenskrar náttúru* eru háskólamenntaðir einstaklingar á eftirlaunum.

2.6 Færeyjar

Í Færeyjum búa um 54.000 manns, þar af 17,9% 65 ára og eldri samkvæmt tölum frá árinu 2021.^[32] Við gerð þessarar samantektar fundust engar upplýsingar um samtök eldra fólks í Færeyjum sem beitir sér í loftslagsmálum. Meðal annars var haft samband við félag eldri borgara (*Landsfelag Pensjónista*) þar sem staðfest var að engir hópar á þeirra vegum væru með loftslagsmál á dagskránni. Vissulega sé til eldra fólk sem beitir sér í umhverfismálum innan náttúruverndarsamtaka, en þar væri ekki um að ræða sérstök samtök eða hópa fyrir þann aldursflokk sem hér um ræðir.

Náttúru- og umhverfissamtök Færeyja (*Føroya Náttúru- og Umhvervisfelag*) hafa hingað til ekki boðið upp á sérstakan hóp fyrir þennan aldursflokk en í tengslum við það verkefni sem hér um ræðir kom í ljós að samtökin hafa mikinn áhuga á að stofna slíkan hóp.

Fulltrúar beggja framangreindra samtaka (*Landsfelag Pensjónista og Føroya Náttúru- og Umhvervisfelag*) tóku virkan þátt í málstofu sem haldin var í Reykjavík í september 2023 innan ramma þess verkefnis sem fjallað er um í þessari skýrslu, (sjá kafla 4). Í tölvupóstsamskiptum að málstofunni lokinni kom fram að hafinn væri undirbúningur að stofnun „Bedsteforældrenes Klimaaktion“ í Færeyjum.^[33]

2.7 Grænland

Á Grænlandi búa um 56.000 manns, þar af u.þ.b. 9,8% 65 ára og eldri samkvæmt tölum frá 2023.^[34] Í tengslum við það verkefni sem hér um ræðir var haft samband við Landssamband eldri borgara á Grænlandi, svo og þarlenda embættismenn sem sinna norrænu samstarfi á sviði umhverfis- og félagsmála. Þrátt fyrir aðstoð þessara aðila fundust ekki vísbendingar um að Grænlandingar á eftirlaunaaldri hefðu myndað hópa sem vinna að loftslagsmálum.

2.8 Álandseyjar

Á Álandseyjum búa rúmlega 30.000 manns og þó að upplýsingar um aldursskiptingu liggi ekki fyrir má ætla að hlutfall fólks 65 ára og eldri af heildaríbúafjöldanum þar sé svipað og annars staðar á Norðurlöndunum.

32. The Global Economy (2021).

33. Upplýsingar frá Landsfelagi Pensjónista 6. október 2023.

34. Statista (2023).

Álandseyjar hafa lengi verið á undan sinni samtíð í umhverfismálum. Árið 2018 settu stjórnvöld á eyjunum sér það markmið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 60% fyrir árið 2030 miðað við árið 2005^[35]. Einnig stefna þau á að verða orðin sjálfbær fyrir árið 2051, að stórum hluta með aðstoð vindmylla og með vetnisknúnum ferjum. Við gerð þessarar samantektar fundust engar upplýsingar um samstarf eldra fólks á Álandseyjum á sviði loftslagsmála. Haft var samband við félag eldri borgara í Maríuhöfn, höfuðborg Álandseyja, en þau samskipti leiddu ekki til niðurstöðu.

35. Medium (2020).

3. Evrópska tengslanetið

Víðsvegar um heiminn hefur eldra fólk stofnað eða gengið til liðs við samtök sem starfa að loftslagsmálum til að reyna að hafa áhrif á stefnumótun, bæði á svæðisvísu og á landsvísu. Árið 2019 samþykkti Evrópusambandið Grænan sáttmála Evrópu (e. European Green Deal) sem hefur það m.a. að markmiði að Evrópa verði kolefnishlutlaus árið 2050. Í kjölfar þess ákváðu nokkur evrópsk samtök eldra fólks í loftslagsmálum að stofna samstarfsnet sem leggur áherslu á innleiðingu sáttmálans með því að skiptast á upplýsingum, þekkingu og aðferðum á sama tíma og þau styðja við aðgerðir um alla Evrópu. Samstarfsnetið er sjálfskipulagt og óháð stjórn málaöflum og tengir saman mörg loftslagsverndarsamtök í þeim löndum sem hlut eiga að máli.^[36] Þannig eru dönsku samtökin *Bedsteforældrenes Klimaaktion*, sænsku samtökin *Grand Panthers*, finnsku samtökin *Ilmastoisovanhemmat* og norsku samtökin *Besteforeldrenes klimaaksjon* öll hluti af þessu evrópska tengslaneti. Þar má einnig finna samtök frá öðrum löndum á meginlandi Evrópu og frá Bretlandi. Samtökin hafa staðið að stafrænum fundum og gefa út sameiginlegt fréttabréf fjórum sinnum á ári. Norsku samtökin vinna nú að því að setja upp heimasíðu fyrir tengslanetið til að skapa sameiginlegan stafrænan vettvang þessara samtaka. Ætlunin er að heimasíðan verði tilbúin í lok árs 2023.

Á næstu mánuðum, að öllum líkindum vorið 2024 er stefnt að því að halda sérstaka ráðstefnu í Strasbourg í Frakklandi þar sem meðlimir evrópska tengslanetsins í allri Evrópu munu hittast og vinna saman að því að skipuleggja fund með framkvæmdastjórn eða forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB).

36. European Grandparents for Climate (2023).

4. Málstofa um eldra fólk og loftslagsmál – báðum til gagns

4.1 Undirbúningur málstofu

Eins og fram kemur í inngangi þessarar skýrslu skiptist verkefnið sem skýrslan fjallar um í þrjú skref eða verkþætti:

1. Taka saman yfirlit yfir aðila, samstarf og verkefni eldra fólks á Norðurlöndunum á sviði loftslagsmála.
2. Undirbúa, boða til og sjá um norræna málstofu um eldra fólk og loftslagsmál.
3. Taka saman skýrslu með grunnupplýsingum, samantekt frá málstofunni og ráðleggingum til stjórnvalda á Norðurlöndunum um það sem þau gætu gert til að styðja við starf eldra fólks á sviði loftslagsmála.

Málstofan sem getið er um í upptalningunni hér að framan var haldin í Reykjavík dagana 27.–28. september 2023. Þangað var boðið fulltrúum allra þeirra félagasamtaka og hópa sem fjallað er um í 2. kafla þessarar skýrslu, nánar tiltekið u.þ.b. tveimur þátttakendum frá hverju Norðurlandanna, auk utanaðkomandi aðila, annað hvort til að halda fyrirlestur eða taka þátt í pallborðsumræðum. Markmið málstofunnar var að búa til vettvang til að miðla reynslu eldra fólks í loftslagsmálum og skapa umræðu um það hvernig stjórnvöld á Norðurlöndunum gætu ýtt undir starf aldraðra Norðurlandabúa að loftslagsmálum.

Við val á fyrirlesurum og fulltrúum í pallborðum var sóst eftir einstaklingum með reynslu af stofnun samtaka eldra fólks sem beitir sér í loftslagsmálum eða af þátttöku í slíkum samtökum eða hópum. Með þessu vali var reynt að stuðla að því að fólk gæti deilt og safnað að sér nytsamlegum upplýsingum og reynslu frá öðrum sem síðan yrði hægt að nýta í starfinu innanlands þegar heim væri komið. Þar sem löng ferðalög til málstofunnar þóttu vera á skjön við umfjöllunarefnið var fólki einnig boðið að fylgjast með í beinu streymi. Málstofan fór fram á ensku til að sem flestir stæðu jafnfætis gagnvart tungumálinu og reynt var eftir föngum að hafa Svansvottun í forgangi við kaup á vörum og þjónustu í tengslum við málstofuna.

Í undirbúningi málstofunnar kom í ljós að margir meðlimir hópa og samtaka eldri loftslagssinna á Norðurlöndunum litu ekki á það sem valkost að ferðast með flugi, allra síst til þátttöku í málstofu um loftslagsmál. Í framhaldi af því var ræddur sá möguleiki að flytja málstofuna til Kaupmannahafnar, þannig að sem flestir þátttakendur gætu ferðast landleiðina eða með ferjum á fundarstað. Þar sem um var að ræða íslenskt formennskuverkefni þótti hins vegar ekki viðeigandi að halda

málstofuna í öðru landi, auk þess sem Íslandsferð var þrátt fyrir allt ofarlega á óskalista margra væntanlegra þátttakenda. Í samtölum við þátttakendur sem mættu á staðinn kom auk þess fram að streymi kæmi aldrei að öllu leyti í stað viðburðar þar sem fólk hittist í eigin persónu, enda væru kaffihlé og hvers kyns óundirbúin samtöl og umræður á milli dagskráliða iðulega dýrmætustu hlutarnir af viðburðum af þessu tagi.

Þátttakendur í málstofunni voru samtals 41, auk þeirra sem tóku þátt á netinu. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, heiðraði samkomuna með því að flytja ávarp við opnun hennar. Að því loknu voru nokkur framsöguerindi, pallborðsumræður og hópavinna á dagskrá. Málstofan stóð frá hádegi á miðvikudegi til hádegis á fimmtudegi og í lok hennar var þátttakendum boðið í kynnisferð um Reykjanesskagann, þar sem m.a. gaf að líta fjölmörg merki um jarðfræðilega virkni svæðisins.

Dagskrá málstofunnar, ásamt lista yfir öll samtök sem tóku þátt og lista yfir þátttakendur málstofunnar má finna í viðaukum.



Mynd 1. Forseti Íslands ávarpar málstofu um eldra fólk og loftslagsmál í Reykjavík 27. sept. 2023. (Ljós. Stefán Gíslason).

4.2 Nokkur aðalatriði úr fyrirlestrum og pallborðsumræðum

Fyrirlesarar á málstofunni sögðu allir í stuttu máli frá þeim samtökum og hópum sem þau starfa með og fóru yfir sögu þeirra, verkefni og vinnuaðferðir. Hér á eftir verða dregin saman nokkur aðalatriði úr fyrirlestrum í tímaröð skv. dagskrá.

4.2.1 Elisabeth Stern, Klimaseniorinnen Schweiz

Titill erindis:

The Organization's Court Case Against Switzerland on the Impact of Climate Change on Human Rights

Elisabeth Stern er virkur þátttakandi í samtökunum *Klimaseniorinnen Schweiz*. Hún tók þátt í málstofunni í gegnum fjarfundarbúnað, enda eru konurnar í samtökunum hættar að fljúga og ferðast eingöngu með almenningssamgöngum til að minnka kolefnisfótspor sitt. Samtökin eru alfarið kvennasamtök, enda sýna rannsóknir að konur eiga alla jafna minni sök á loftslagsbreytingum en karlar, en verða meira fyrir afleiðingunum. Samtals eru konurnar í *Klimaseniorinnen Schweiz* nú um 2.450 talsins. Elisabeth nefndi að meðalhitastig í Sviss væri nú þegar 2,2 gráðum hærra en fyrir iðnbyltingu og að á síðustu 20 árum hefðu hitabylgjur verið tíðari í Sviss en áður. Nú þegar hefðu um 1.000 manns látið lífið í Sviss vegna hitabylgja og að í þeim hópi væru fleiri konur en karlar. *Klimaseniorinnen Schweiz* hefðu orðið til á grundvelli þessara staðreynda. Árið 2016 ákærðu samtökin svissnesk yfirvöld fyrir aðgerðarleysi í loftslagsmálum, sem samtökin töldu vera brot á skyldu ríkisstjórnarinnar til að vernda líf, heimili og fjölskyldur svissneskra ríkisborgara. Eftir að málinu hafði í þrígang verið vísað frá svissneskum dómstólum ákváðu *Klimaseniorinnen Schweiz* að fara með málið fyrir Mannréttindadómstóll Evrópu. Dómstóllinn samþykkti að taka málið til efnislegrar meðferðar og er gert ráð fyrir að úrskurður geti hugsanlega legið fyrir í lok ársins.

4.2.2 Erik Elvers, Gretas gamlingar

Titill erindis:

Greta's Oldies, Sweden

Gretas gamlingar er samstarfsnetið sem var kveikjan að þessu verkefni, en það var stofnað árið 2019 með Gretu Thunberg sem fyrirmynd. Stuttu eftir fyrstu mótmælastöðu Gretu í ágúst 2018 safnaðist hópur eldri borgara saman á Gotlandi og mótmælti því sama, þ.e.a.s. aðgerðaleysi stjórnvalda í loftslagsmálum og þar með vanrækslu við að vernda plánetuna og fara vel með hana. Þessi mótmæli dreifðust um alla Svíþjóð og á endanum varð til samstarfsnetið Gretas gamlingar. Þátttakendur eru þó ekki einungis að mótmæla aðgerðaleysi af umhyggju fyrir unga fólkinu heldur líka fyrir eldra fólki, enda hafi loftslagsbreytingar mikil neikvæð áhrif

á þann aldurshóp og leiði til dauðsfalla þeirra á meðal. Þess vegna væri þetta sameiginlegt hagsmunamál allra kynslóða. Samstarfsnetið samanstendur í raun af 10–15 sjálfstæðum hópum víðsvegar um Svíþjóð. Lögð er mikil áhersla á það sem þátttakendur geta gert sem einstaklingar, því að „*enginn getur gert allt einn en við getum öll gert eitthvað saman*“. Meðlimir *Gretas gamlingar* hittast vikulega í hópum og áttu m.a. í samræðum við stjórnmalaflokka fyrir sveitarstjórnarkosningar árið 2022. Fulltrúar allra hópanna hittast síðan árlega. Einnig mótmælir samstarfsnetið vikulega fyrir utan sænska þinghúsið ásamt *WWF*, *Greenpeace*, *Naturskyddsforeningen* og félögum eldri borgara. Meðlimir *Gretas gamlingar* hafa einnig rætt við matvöruverslanir í heimabæjum sínum um minnkun á matarsóun og áherslu á aukið framboð af vistvænum vörum og vörum sem framleiddar eru í heimahéraði. Þau hafa fengið jákvæð svör bæði frá matvöruverslunum og stjórnmalamönnum, svo og frá fjölda þátttakenda á vikulegum fundum. Í erindinu kom fram að eldra fólk gæti aðstoðað það yngra í mótmælum, enda hefði eldra fólk meiri tíma en yngra fólk og byggi yfir góðri reynslu sem það gæti miðlað áfram.

4.2.3 Helena Käariäinen, Aktivistimummot

Titill erindis:

The Nordic/Global Health Consequences of the Climate/Environment Crisis

Rétt eins og *Gretas gamlingar* sækja *Aktivistimummot*, eða Aktívistaömmur, innblástur til Gretu Thunberg. Hópurinn var stofnaður árið 2020, fékk mikla athygli allt frá byrjun og telur nú um 10.000 meðlimi. Meðlimir eru dreifðir út um allt Finnland, en hópurinn tekur þó þátt í mótmælum eftir því sem færi gefst. Helena er sérfræðingur í læknisfræðilegri erfðafræði og í sjaldgæfum sjúkdómum og starfaði til skamms tíma sem prófessor í erfðafræði við háskólana í Helsinki og Turku. Í máli hennar kom fram að loftslagsbreytingar hefðu bæði bein og óbein áhrif á heilsu. Þar fyrir utan hefði heilbrigðiskerfi Vesturlanda gríðarlega hátt kolefnisspor, mikið væri um einnota verkfæri og umbúðir og að þessi hlutir væru iðulega keyptir erlendis þar sem þeir væru ódýrastir og fluttir langa vegalengd með tilheyrandi kolefnisspori. Loftslagsmál tengist lýðheilsu á ýmsan hátt, t.d. væri aukin nýting almenningsgangna í senn til þess fallin að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bæta heilsu íbúa, auk þess sem minni mengun hlýst af útblæstri og ögnum úr bíldekkjum. Sömuleiðis væri lækun hitastigs í húsum, og þá sérstaklega svefnherbergjum, góð fyrir umhverfið og um leið góð fyrir heilsu fólks, enda bendi rannsóknir til að hollara sé fyrir líkamann að sofa í 20 gráða hita en 24 gráða hita. Loftslagsbreytingar hefðu einnig bein áhrif í gegnum aukna tíðni og dreifingu hitabeltisjúkdóma vegna hækkandi hitastigs. Aukin rigning gæti minnkað gæði drykkjarvatns og aukið hættu á myglu í húsum vegna raka sem aftur getur leitt til öndunarfærasjúkdóma. Fleira mætti nefna sem dæmi um tengsl loftslagsbreytinga og heilsu. Þannig virðist minnkandi snjóþekja í Finnlandi endurspeglast í fjölgun þunglyndistilfella, en síðustu ár hefur dregið úr snjó sem gerir veturna mun dimmari en ella. Meðalhiti sem nú er oftast í kringum frostmark á veturna gerir það að verkum að vegir og stígar eru hálli en áður sem leiðir til þess að

mun fleiri beinbrjóta sig núna eða slasast í hálkunni en áður fyrr þegar jörð var yfirleitt frosin á veturna. Þá hefðu tíðari hitabylgjur á sumrin leitt til þess að fleiri kaupa sér loftkælingu á heimili sínu, sem leiðir auðvitað til aukinnar raforkunotkunar. Þá muni hækkandi sjávarmál leiða til þess að í framtíðinni munu fleiri flýja til Norðurlandanna og því muni fylgja aukin tíðni sjúkdóma sem annars eru ekki algengir á þessum slóðum.



Mynd 2. Helena Kääriäinen, doktor í læknisfræði, fjallaði um áhrif loftslagsbreytinga á heilsu fólks. (Ljósmynd. Stefán Gíslason).

4.2.4 Birna Sigurjónsdóttir and Þóra Ellen Þórhallsdóttir, U3A

Titill erindis:

Be Active Through Life-Long Learning

Eins og fram hefur komið er enginn starfandi hópur eða samtök eldri borgara á Íslandi sérstaklega helgaður loftslagsmálum. Hins vegar starfar sérstakur umhverfishópur innan *U3A Reykjavík*. Í september 2022 voru 1.300 meðlimir í *U3A Reykjavík* og þar er mikið lagt upp úr vikulegum fyrirlestrum og fræðslu um hin ýmsu málefni. Öllum fyrirlestrum er einnig streymt og þeir eru aðgengilegir á netinu í heila viku eftir streymið. Markmið umhverfishóps *U3A Reykjavík* er að fræða og upplýsa um það sem ógnar náttúru Íslands, bæði jarðminjum og lífríki lands, ferskvatns og

sjávar. Um leið er vakin athygli á leiðum til umhverfis- og náttúruverndar og stuðlað að aðgerðum sem bæta umhverfið og sporna gegn loftslagsvá. Í erindi Þóru Ellenar var einkum fjallað um landnotkun á Íslandi. Margir líffræðingar hefðu áhyggjur af skógrækt eins og hún væri stunduð í dag, þar sem nú væri mikið um að ágengar trjáplöntur væri gróðursettar án mikillar umhugsunar um staðarval. Inn í þetta blandist áberandi þróun í þá veru að erlendir kaupendur festi kaup á stórum jörðum víða um land.

4.2.5 Beate L. Samuelsen, Landsfelag Pensjónista

Titill erindis:

Relevant Older People Activities in the Faroe Islands

Eins og fram hefur komið er enginn starfandi hópur eldri borgara í Færeyjum sérstaklega helgaður loftslagsmálum. Engu að síður tóku þrír fulltrúar eldri borgara í Færeyjum þátt í málstofunni til þess að afla sér fróðleiks og undirbúa hugsanlega stofnun slíkra samtaka þegar heim væri komið.

Landsfelag Pensjónista er félag eldri borgara í Færeyjum. Þetta eru ópólitísk regnhlífarsamtök fyrir 16 minni félög eldri borgara. Sem dæmi um þróun umhverfismála í Færeyjum var nefnd sú þróun sem þar hefur orðið í flokkun úrgangs, en fyrir 50 árum var nær öllum úrgangi hent í hafið. Í erindinu kom fram að umhverfismál væru ekki sérstaklega tekin fyrir hjá *Landsfelagi Pensjónista* en góðar líkur væru á að það myndi breytast að fengnum þeim fróðleik sem færeyski hópurinn myndi taka með sér heim af málstofunni. Umhverfisvitund Færeyinga væri orðin miklu meiri en áður fyrr og fólk sýndi umhverfismálum sívaxandi áhuga.

4.2.6 Andrew P. Kroglund, Besteforeldrenes klimaaksjon (BKA)

Titill erindis:

How the Norwegian Grandparents' Climate Campaign Work Nationally, and Interact Internationally

Í Noregi starfa fáir en fjölmennir hópar eldri borgara að loftslagsmálum. Í máli Andrews kom fram að frá stofnun *BKA* árið 2006 hefði félagsfólki fjölgað í rúmlega 6.800 meðlimi, sem tryggir þeim m.a. árlegan styrk frá ríkinu. Mikilvægt væri fyrir samtök af þessu tagi að vera óhrædd við að gagnrýna stjórnvöld, jafnvel þótt þau veittu samtökunum fjárhagslegan styrk. Samtökin bæru ábyrgð á því að segja samfélaginu hvað væri að gerast og hafa um leið áhrif á stjórnámálamenn til að auðvelda þeim ákvarðanatöku. Helsta baráttumál samtakanna væri að stöðva frekari olíuborun við strendur Noregs. Mikilvægt væri að vera bæði sýnileg á götunum og að vinna á bak við tjöldin með stjórnámálamönnum til að breyta lögum. Einnig væri mjög mikilvægt að vinna með öðrum samtökum, bæði í Noregi og á alþjóðlegum vettvangi, því að slík samtök væru sterkari saman. Opinbert samstarfsnet væri til þess fallið að efla starfið og gera það sýnilegt. *Besteforeldrenes klimaaksjon* nota einkennisfatnað þegar þau eru úti á götunum

(rauður hattur), þau hafa jákvæðni að leiðarljósi og hafa reynslu af því að það skili mun meiru en stöðug umfjöllun um neikvæðar afleiðingar loftslagsbreytinga.

4.2.7 Kira Gilling Hansen, Sammen om verdensmål

Titill erindis:

Libraries as Platform for Citizen Involvement and Sustainability. United to reach the global goals

Kira sagði frá verkefni sem hefur verið í gangi síðustu tvö ár á nokkrum bókasöfnum víðsvegar um Danmörku, þar sem íbúar geta hjálpað til við að þróa hugmyndir og lausnir í þeirra eigin bæ sem styðja við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Meðal helstu hugmynda sem unnið hefur verið með má nefna viðgerðarkaffihús, saumavélakennslu og endurnotkun t.d. verkfæra og húsgagna. Samtals hafa 36 bókasöfn gengið til liðs við verkefnið og nokkur hundruð manns eru virk í þeim. Tveir til þrír starfsmenn frá hverju bókasafni hafa fengið þjálfun og taka þátt í ýmsum sjálfbærum og samfélagsskapandi verkefnum. Öll bókasöfnin vinna enn með Heimsmarkmiðin og hafa fengið til liðs við sig marga nýja samstarfsaðila. Viðbrögð þátttakenda og svör úr skoðanakönnun benda til aukinnar vellíðanar meðal þeirra sem hafa tekið þátt í verkefninu, líklega vegna þess að þau leggja sitt af mörkum til einhvers sem gagnast bæði fólki og jörðinni. Af verkefninu má draga þann lærdóm að þrennt sé öðru fremur til þess fallið að auka vellíðan og virkni eldri borgara í verkefnum sem þessu:

1. Beina sjónum að sálfræðilegum grunnþörfum fólks.
2. Þjóða upp á hagnýtar leiðir til að stuðla að sjálfbærni á virkan hátt.
3. Flétta náttúruna inn í starfsemina til að styrkja tengsl fólks við náttúruna.

Verkefninu lýkur í desember 2023.

4.2.8 Bengt Sundbaum & Lena Hammarbäck, Grandparents for Future

Titill erindis:

Voluntary Work & Social Media

Bengt er fyrrverandi kennari og Lena er sálfræðingur á eftirlaunum – og bæði eru þau félagar í *Grandparents for Future* í Svíþjóð. Í erindi þeirra kom fram að núverandi ríkisstjórn Svíþjóðar hefði staðið fyrir miklum niðurskurði í opinberum framlögum til loftslagsmála. Fyrirsjáanlegt væri að loftslagsmarkmið Svíþjóðar myndu ekki nást.

Í erindinu kom fram að eldra fólk (65+) væri 17% af öllum sjálfböðaliðum í Svíþjóð. Samfélagsmiðlar hefðu bæði kosti og galla í starfi af þessu tagi þegar eldra fólk ætti í hlut. Samkvæmt könnun sem gerð var 2022 eru 43% Svía 65–74 ára virk á samfélagsmiðlum, sem þýðir væntanlega að skilaboð á samfélagsmiðlum ná ekki til nema hluta aldurshópsins. Um 90% af 69–79 ára íbúum Stokkhólms nota internetið en aðeins 50% af þeim sem eru 80+.

Öll samskipti *Grandparents for Future* fara fram í Facebookhópi samtakanna. Gallar við þetta væru m.a. þeir að þarna væri allt í höndum Facebook og að Facebook gæti fjarlæggt hvaðeina sem gengur gegn reglum miðilsins. Auk þess gætu netdólgar truflað starfsemina. Þar sem hópurinn hefur ekki lýðræðislega kjörna stjórn hvílir mikil ábyrgð á stjórnendum síðunnar – og þar sem hópurinn er óformlegur á hann ekki rétt á neinum styrkjum frá ríkinu.

Helstu kostir samfélagsmiðla í starfi sem þessu liggja í því hversu auðvelt er að halda sambandi og upplýsa hópinn um það sem er að gerast í mismunandi landshlutum. Þá kom fram að þetta fyrirkomulag gæfi góða tilfinningu fyrir samstöðunni. Þegar fólk sæi stöðugt nöfn annarra meðlima í hópnum, upplifði það sig ekki eitt og yfirgefið heldur sem hluta af hópi. Enn einn kostur væri hversu auðvelt væri að deila myndum, en slíkt hefði mikla þýðingu í starfinu. Þá gæti hópurinn auðveldlega unnið með öðrum samtökum, svo sem með ungum umhverfissinum. Loks mætti nefna að þetta fyrirkomulag gæfi gott svigrúm til að nota tímann í þágu loftslagsmála í stað þess að þurfa að leggja mikla vinnu í skrifræði og formsatriði.

4.2.9 Matti Nummelin, Ilmastoisovanhemmat

Titill erindis:

Grandparents for Future

Matti Nummelin er doktor í vistfræði og hefur starfað sem aðstoðarprófessor í umhverfisvísindum við háskólana í Helsinki og Turku, auk þess að sinna alþjóðasamstarfi og ráðgjöf við stjórnvöld. Hann kom m.a. að samningaviðræðum í aðdraganda Parísarsáttmálans 2015. Matti er núverandi ritari *Ilmastoisovanhemmat*, en samtökin standa m.a. fyrir mótmælum fyrir utan finnska þingið á hverjum föstudegi. Þar eru félagar samtakanna með skilti á u.þ.b. sex tungumálum til að geta líka höfðað til ferðamanna. Í erindinu kom fram að félagarnir væru dreifðir um allt Finnland og hefðu því þau þurft að nýta tæknina til að ná út til allra. Samtökin væru m.a. með leshóp sem hittist mánaðarlega á netinu og ræddi þá tvær bækur, umhverfis- eða loftslagstengdar. Þessi hópur hefur notið mikilla vinsælda. Samtökin gefa út yfirlýsingar og senda bréf til ríkisstjórnarinnar og sú vinna fer einnig öll fram á netinu. Fram kom sú skoðun fyrirlesara að nýkjörin ríkisstjórn Finnlands legði of litla áherslu á loftslagsmál og afneiti jafnvel loftslagsbreytingum. Samkvæmt nýlegum skoðanakönnunum hafa Finnar minni áhuga á loftslagsmálum en áður. Árið 2019 sögðu 83% Finna að mikilvægt væri að draga úr loftslagsbreytingum en árið 2023 voru aðeins 72% Finna þeirrar skoðunar.



Mynd 3. Matti Nummelin, doktor í vistfræði og félagi í Ilmastoisovanhemmat. (Ljós- Stefán Gíslason).

4.2.10 Anne Grethe Hansen, Bedsteforældrenes Klimaaktion

Titill erindis:

How Do We Reach New Members?

Anne Grethe fjallaði um stofnun samtakanna og hvernig þau eru sýnileg á götum danskra borga, bæði með fræðslu og mótmæli. Sem grasrótahreyfing hefur *Bedsteforældrenes Klimaaktion* hvorki stjórn né formann. Það eru því hinir virku félagar sem ákveða og fá að móta hvað hreyfingin stendur fyrir og hvaða frumkvæði er tekið. Samtökin reyna að laða til sín fólk með því að aðlaga samskiptaleiðir að persónulegum gildum fólks og benda á möguleikana til að skapa betri framtíð, í stað þess að leggja áherslu á það neikvæða og erfiða. Samtökin leggja áherslu á að vera sýnileg og halda uppi mótmælum og bjóða fræðslu í miðbæjum borga þar sem von er til að margir eigi leið fram hjá og taki eftir þeim. Þau eru einnig mjög virk á samfélagsmiðlum og í góðum samskiptum við fjölmiðla þegar þau bjóða upp á viðburði. Samtökin hafa í sjálfu sér ekki unnið markvisst að því að bæta við sig mörgum meðlimum, enda skiptir að þeirra mati meira máli að fá rétta fólkið en að fá marga nýja í hópinn.

4.2.11 Hjálmar W. Árnason, Friends of Icelandic Nature

Titill erindis:

Older People in Nature Conservation

Eins og fram hefur komið eru engir starfandi hópar eða samtök eldra fólks á Íslandi sérstaklega helguð loftslagsmálum. Hins vegar er margt eldra fólk virkt í náttúruvernd, m.a. innan samtakanna *Vinir íslenskrar náttúru (VÍN)* (e. Friends of Icelandic Nature). Hlutverk *VÍN* er að auka vitund almennings um líffræðilega fjölbreytni á Íslandi. Upphaflega voru félagar í samtökunum 41 talsins, en eru nú um 80 tveimur árum síðar. *VÍN* hafa frá upphafi lagt megináherslu á skógrækt, nánar tiltekið mikilvægi þess að hún sé stunduð af ábyrgð þannig að hún skerði ekki líffræðilega fjölbreytni. Að vissu leyti standa þau í stríði við tré, ekki þó þannig að *VÍN* hafi eitthvað á móti trjám, heldur leggja samtökin áherslu á að Íslendingar setji sér stefnu þar sem ákveðið land er tekið frá og verndað fyrir komandi kynslóðir. Bændur um allt land eru nú farnir að planta trjám hvar sem er vegna fjárhagslegs stuðnings frá stjórnvöldum og skógrækt er að verða atvinnurekstur vegna meintra möguleika á tekjum af sölu kolefniseininga. Fyrirtæki eru farin að hvetja til og borga fyrir gróðursetningu trjáa, án þess að skoða hvort viðkomandi trjátegundir falli að þeirri náttúru sem fyrir er. Jafnvel er verið að nota ágengar tegundir. *VÍN* bendir á að þessi stefnulausa skógrækt geti gengið gegn alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, þ.m.t. skuldbindingum um vernd mó- og mýrlendis sem eru búsvæði fugla. Með vaxandi skógrækt sé nú víða gengið á þessi svæði og fuglastofnar, sem Ísland beri sérstaka ábyrgð á, séu á undanhaldi af þeim sökum. Fram kom að margir félagar í samtökunum væru „gamli“, en þau hefðu „*ungan anda, baráttuanda vegna þess að við höfum skyldur við framtíðina og börn okkar og barnabörn*“.

4.2.12 Ólavur Poulsen, Føroya Náttúru- og Umhvørvisfelag

Titill erindis:

Older people and the Climate on the Faroe Islands

Føroya Náttúru- og Umhvørvisfelag var stofnað árið 1978. Føreyjar eru nú, að sögn Ólavs, efst á lista yfir lönd með mesta losun CO_2 á hvern íbúa. Einkum væri losun frá fiskiskipaflotanum mjög mikil, en einnig vegna upphitunar heimila. Í Føreyjum hefðu orkuskipti gengið mjög hægt. Þar hefði verið notast við olíu mjög lengi, en hlutdeild umhverfisvænni orku frá vatnsaflsvirkjunum og vindmyllum færi smám saman vaxandi. Vegna smæðar eyjanna væri þó erfitt að geyma orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Ólavur nefndi í erindi sínu að á tímum Covid hefði komið í ljós að mannkynið gæti staðið saman og gert miklar breytingar á stuttum tíma. Eldra fólk gæti gert mjög margt til að sporna gegn loftslagsbreytingum, svo sem að draga úr neyslu, velja notaða hluti og nota vörur eins lengi og mögulegt væri, vera forvitin og auka þekkingu sína á því sem að gagni mætti koma í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Mikilvægt væri að mótmæla áður en stjórnvöld taka rangar ákvarðanir, svo og að upplýsa um og spyrja um „ranga“/„furðulega“ hluti sem við sjáum. Fólk ætti að taka þátt í loftslagsamtökum og kjósa stjórnámálamenn sem berjast í raun gegn loftslagsbreytingum.

4.2.13 Bente Bakke, Besteforeldrenes klimaaksjon (BKA)

Titill erindis:

The Work Locally

Bente Bakke er fyrrverandi þingkona á norska Stórþinginu og situr nú í stjórn *BKA*. Hún er 80 ára og var eftir því sem næst verður komist elsti þátttakandinn á málstofunni. Í máli hennar kom fram að félagar í *BKA* notist við einkennisfatnað til að fanga athygli fólks og skera sig úr fjöldanum. Þau ganga um með rauða hatta og veggspjöld utan á sér og syngja „loftslagslög“. Samtökin voru upphaflega stofnuð 2006, en þegar Bente gekk í þau árið 2010 keypti hún einn hlut í norska olúfélaginu *Statoil*, nú *Equinor*. Þetta veitti henni rétt til að taka þátt í aðalfundi félagsins og leggja þar fram tillögur. Í ár lögðu fjórir félagar í *BKA* fram tillögur á aðalfundi *Equinor*, en fulltrúar ríkisins, sem fer með 67% atkvæða á aðalfundi, hafa jafnan séð til þess að tillögur þeirra væru felldar. Í máli Bente kom fram að ríkisstjórn Noregs hefði á þessu ári tilkynnt um 139 ný svæði til olú- og gasleitara, flest í Barentshafi, sem sé í andstöðu við hvatningu Antônio Guterres, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, sem hefur sagt að öll lönd verði að hætta olúleit.

Í máli Bente Bakke kom fram að *BKA* hefði alltaf innheimt félagsgjöld, sem hún kvaðst sannfærð um að væri þeirra mikli styrkur. Ómögulegt væri að fjármagna alla starfsemi án félagsgjaldanna, hvort sem horft er til starfsins á landsvísu eða staðbundið, auk þess sem hægt væri að láta gera úttektir og skrifa skýrslur um mikilvæg málefni. Eins og fram hefði komið fengu umhverfisverndarsamtök í Noregi með fleiri en 5.000 greiðandi félagsmenn efnahagslegan stuðning frá stjórnvöldum. Á þessu ári næmi þessi upphæð samtals 2.056.000 NOK.



Mynd 4. Bente Bakke, fyrrv. þingkona og núverandi stjórnarmaður í *BKA* í Noregi. (Ljós. Stefán Gíslason).

4.2.14 Pallborðsumræður

Efnt var til pallborðsumræðna á málstofunni eftir þriðja hvern fyrirlestur með þátttöku þriggja hlutaðeigandi fyrirlesara. Spurningum var bæði safnað með smáforritinu *Slido* og teknar beint úr sal.

Margar spurningar og stór hluti umræðna í pallborðunum snerist um stofnun samtaka/hópa eldri loftslagssinna á Norðurlöndunum, forsendur stofnunar, stærð samtaka, viðfangsefni og markhópa slíkra hópa. Fram kom að til þess að hægt væri að stofna samtök í landi þar sem engin slík væru fyrir, þyrfti áhugi að vera til staðar. Ákveðinn fjöldi fólks þyrfti til að hægt væri að skipta verkum – og allir hópar þyrftu að hafa tilgang og markmið. Undirbúningur að stofnun samtaka af þessu tagi tæki oft langan tíma, áður en hægt væri að fara að beita sér í aðgerðum. Nú sé eldra fólk í heiminum hlutfallslega fleira en áður, í þessum hópi væri mikið af menntuðu fólki sem enn væri við fulla heilsu og vildi leggja eitthvað af mörkum, auk þess sem fólk væri almennt orðið meðvitaðra en áður um umhverfismál. Fram kom að mismunandi fjöldi einstaklinga í samtökum af þessu tagi byði upp á ólík tækifæri. Stór samtök væru mikilvæg til að hægt væri að vinna með umfangsmikil mál, en einnig væri mikilvægt að hafa minni hópa í nærumhverfi fólks sem gætu beitt sér á sýnilegri hátt hver á sínum stað. Báðar stærðir þjóni mikilvægum tilgangi. Þátttakendur voru beðnir að velta því fyrir sér hvort einhverjir ókostir fylgdu því að svona afmarkaður aldurshópur væri að beita sér í loftslagsmálum. Í því sambandi kom fram að mikill styrkur gæti falist í að vinna með fólki á sama aldri, fólk ætti þá meira sameiginlegt en ella og væri því e.t.v. líklegra til að vera virkt en vera myndi í blandaðri hópi. Einnig ætti eldra fólk það yfirleitt sameiginlegt að hafa rúman tíma. Þessi tími væri auðlind sem yngra fólk á vinnumarkaði hefði ekki.

Rætt var um viðfangsefni samtaka eins og þeirra sem hér um ræðir, þ.e. hvort betra væri að einbeita sér að mjög afmörkuðu viðfangsefni, eins og t.d. *Vinir íslenskrar náttúru* sem einbeita sér eingöngu að skógrækt á Íslandi, eða hvort breiðari nálgun væru heppilegri? Flest reyndust þeirrar skoðunar að sterkast væri að hafa fá meginmarkmið en að hægt væri að spanna víðara svið með minni undirhópum eða starfsstöðvum. Þegar markmiðin væru fá væru skilaboðin skýrari. „*Ef þú ferð í mörg stríð á sama tíma muntu tapa þeim öllum. Þess vegna er mikilvægt að skerpa fókusinn, því að ef þú ert lítill her geturðu ekki farið í öll stríð*“, eins og einhver þátttakandi orðaði það.

Rætt var um kosti og galla norrænnar samvinnu á umræddu sviði. Þátttakendur voru sammála um að samvinna væri mikilvæg í öllu umhverfisstarfi. Þetta mætti sjá á þróun loftslagsmála en allt frá því í Ríó 1992, og á öllum loftslagsráðstefnum síðan þá, hefði verið lögð mikil áhersla á að fá fólk saman og mynda alþjóðleg samstarfsnet. Sé hægt að segja að tiltekin samtök séu hluti af norrænni hreyfingu eða samstarfsneti geti það hljómað sterkara en samtök sem standa stök. Á sama hátt leiði þátttaka í slíku samstarfi væntanlega til þess að samtökin fái meiri atyglu en ella, bæði almennt og í fjölmiðlum.

Þátttakendur lögðu mikla áherslu á mikilvægi fjölmiðla og ábyrgð þeirra og möguleika til að vekja athygli á málefnum og miðla til almennings. Af þessum sökum skipti máli að fara í aðgerðir sem fanga athygli fjölmiðla, svo og að eiga í góðum samskiptum við fjölmiðla til að auðvelda aðgengið.

Í pallborðsumræðunum kom upp spurning um áhrif flokkspólítíkur á sjálfböðavinnu á borð við þá sem hér um ræðir, þ.e. hvort hægt væri að starfa saman í samtökum eða hópum um loftslagsmál en vera ósammála um stjórnsmál. Flest samtök sem áttu fulltrúa í málstofunni starfa óháð stjórnsmálaöflum. Að margra mati eru samtök af þessu tagi oft talin frekar vinstrisinnuð, en þátttakendur bentu á að mikill styrkur gæti verið fólgin í að hafa hægrisinnaða einstaklinga með sér í liði vegna þess að það gæti gefið af sér önnur sjónarmið og aðra nálgun á sömu viðfangsefni. Fjölbreytni í stjórnsmálaskoðunum innan hópsins gæti líka gert það að verkum að einstaklingar innan hópsins geti viðrað mál og fengið áheyrna hjá fulltrúum ólíkra stjórnsmálaafila. Svipuð umræða kom upp varðandi það hvort eldra fólk með bakgrunn í umhverfismálum væri líklegra til að taka þátt í sjálfböðavinnu á þessu sviði en fólk með engan slíkan bakgrunn. Fram kom að alltaf væri til bóta að hafa góð tök á staðreyndum og að þannig geti vinnan orðið hnitmiðaðri og árangursríki en ella, en að sama skapi fælist líka styrkur í því að hafa ólíkan bakgrunn. Einnig væri mikilvægt að vinna saman þvert á kynslóðir.

4.3 Hópvinnna

Í lok beggja málstofudaganna var efnt til hópvinnu til að fást við tiltekin viðfangsefni og svara tilteknum spurningum. Leitast var við að skipta þátttakendum þannig í hópa að fjölbreytni innan hvers hóps yrði sem mest, bæði með tilliti til þjóðernis og kyns. Hóparnir voru sex talsins og var þeim endurraðað milli daga, þannig að sama fólkíð sæti ekki saman báða dagana. Einn hópstjóri var fenginn til að leiða vinnuna í hverjum hópi og reynt að haga málum þannig að enginn hópstjóri fengi til sín sömu einstaklinga báða dagana. Hópaskiptinguna má sjá í viðauka.

Hóparnir unnu eftir fyrir fram ákveðnu skipulagi, sem var eins fyrir báða dagana. Þar sem dagskrá málstofunnar var þétt gáfust ekki nema 30–45 mínútur til hópvinnu hvorn dag og því höfðu hópstjórar krefjandi verkefni með höndum við tímastjórnun. Í hópinnunni fyrri daginn var lögð áhersla á samvinnu eldra fólks á Norðurlöndunum í loftslagsmálum og seinni daginn voru lögð drög að ráðleggingum til stjórnvalda um það hvernig styðja bæri við eldra fólk á Norðurlöndunum sem beitir sér gegn loftslagsbreytingum. Eftir að þátttakendur í hópinnunni höfðu skrifað hjá sér eigin hugmyndir um viðfangsefnin hver fyrir sig, var reynt að ná samstöðu innan hvers hóps um það hverjar væru þrjár bestu hugmyndir hópsins. Meginniðurstaða hvers hóps fólst í þriggja atriða lista.



Mynd 5. Allir þátttakendur í málstofunni saman komnir fyrir utan fundarstaðinn í Reykjavík. (Ljós. Nauthóll).

4.3.1 Samvinna eldra fólks á Norðurlöndunum í loftslagsmálum

Helstu hugmyndir og niðurstöður hópanna fara hér á eftir.

1. Koma þarf á samstarfsneti samtaka og hópa eldra fólks á Norðurlöndunum sem helga sig loftslagsmálum, jafnvel þótt starfshættir hópanna séu mjög mismunandi. Hópar og samtök standa alltaf sterkari saman.
2. Með samstarfsneti opnast möguleikar á virkum tölvupóstsamskiptum og fjarfundum til að halda sambandi. Þannig er líka hægt að bjóða upp á sameiginleg vefnámskeið.
3. Einn styrkur samstarfsnets liggur í því að ef teknar verða upp samræmdar verklagsreglur geta allir sagt að „svona sé fyrirkomulagið á öllum Norðurlöndunum“.
4. Samstarfsnet felur í sér tækifæri fyrir Norðurlöndin að vera frumkvöðlar á heimsvísu, þar sem ekki eru önnur dæmi um slíkt samstarf.
5. Samvinna í sameiginlegu samstarfsneti geta falið í sér hvatningu fyrir aðra hópa og samtök.

6. Í samstarfsneti er m.a. hægt að þróa sameiginlegar samnorrænar yfirlýsingar til þingmanna í einstökum löndum.
7. Hægt er að útvíkka hugmyndina um samstarfsnet enn frekar og láta það í framtíðinni ná til annarra landa, svo sem til Bandaríkjanna. Þannig geta myndast tengsl fyrir samvinnu í framtíðinni, auk þess sem þetta getur skilað sér til fjölmiðla.
8. Samstarfsnet getur verið grunnur fyrir sameiginlegar aðgerðir sem eru tímasettar á sama tíma í öllum löndunum. Slík verkefni eru til þess fallin að fanga athygli fjölmiðla og geta þannig haft meiri áhrif á pólitískar ákvarðanir en stakar aðgerðir.
9. Æskilegt er að hafa sameiginlega norræna vefsíðu (eða „samnorrænan þekkingarbanka“ eins og þetta var nefnt í einum hópanna). Þar er hægt að setja inn upplýsingar um verkefni og skapa vettvang til að miðla reynslu, þekkingu og hugmyndum úr starfi einstakra hópa og samtaka. Ekki þurfa allir að finna upp hjólið.
10. Á sameiginlegri vefsíðu er einnig hægt að birta og deila útgefnu efni frá hópum og samtökum á Norðurlöndunum, svo sem skýrslum og tillögum til stjórnvalda.
11. Samnorrænt fréttabréf sem birt er á vefsíðunni getur virkað sem hvatning til annarra samtaka og hópa. Þar má líka halda skrá yfir tengiliði og samtök, þannig að einfaldara sé að ná sambandi við aðila.
12. Norræna ráðherranefndin gæti e.t.v. haldið úti sérstöku vefsvæði sem helgað væri þessum málaflokki.
13. Norræna ráðherranefndin ætti að styðja fjárhagslega við sameiginlegan fund eldri loftslagssinna á Norðurlöndunum og í Evrópu allri í Osló að ári liðnu.
14. Halda mætti norrænt loftslagsþing reglulega, jafnvel árlega, með sérstakri áherslu á aðkomu aldraðra.
15. Halda mætti reglulegar málstofur í streymi um afmörkuð verkefni til að miðla upplýsingum.
16. Halda mætti norrænan umhverfisdag með skipulögðum skoðunarferðum, útilegum eða náttúruupplifunum með eða án þátttöku barna. Þetta væri til þess fallið að efla samstöðu og liðsanda og gefa eldra fólki tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttri umhverfisstarfsemi.

4.3.2 Ráðleggingar til norrænna stjórnvalda

Eftirfarandi ráðleggingar til stjórnvalda á Norðurlöndunum eru unnar út frá niðurstöðum hópanna.

1. Ráðleggingar til stjórnvalda á landsvísu:
 - a. Veita loftslagstengdum hópum eldra fólks fjárhagslegan stuðning, á borð við þann sem *BKA* í Noregi hafa fengið, til að auðvelda þeim að samræma störf sín á landsvísu og gera þeim kleift að eiga samstarf við kollega sína á öðrum Norðurlöndum og utan Norðurlandanna.
 - b. Bjóða þessum hópum til samræðna/samráðs, svo sem við gerð opinberrar loftslagsstefnu, loftslagsáætlana, laga og reglugerða.
 - c. Efla menntun til sjálfbærni fyrir allar kynslóðir með því að efla og styðja við tengsl milli kynslóða, einkum milli eldra fólks og ungmenna.
 - d. Skapa eða útvega vettvang fyrir athafnir, fundi og mótmæli á vegum loftslagstengdra hópa eldra fólks.
2. Ráðleggingar til Norrænu ráðherranefndarinnar:
 - a. Bjóða loftslagstengdum hópum aldraðra á norræna fundi og námskeið til að njóta góðs af þekkingu þeirra og reynslu og gefa þeim rödd í umræðunni.
 - b. Skipuleggja árlegar norrænar loftslagsráðstefnur í því skyni að skapa vettvang fyrir ný tengsl og útbreiðslu þekkingar og hugmynda.
 - c. Veita fjárhagsaðstoð til að byggja upp grunn fyrir samræmda miðlun upplýsinga, svo sem í gegnum norræna vefsíðu, vefnámskeið o.s.frv.
 - d. Styðja samhæfingu verkefna á norrænum vettvangi með þátttöku loftslagstengdra hópa aldraðra á öllum Norðurlöndunum.
 - e. Greina tækifæri til gera loftslagsstarf norrænna hópa eldra fólks sýnilegt utan Norðurlandanna til að styrkja og varðveita stöðu Norðurlandanna sem frumkvöðla á þessu sviði.
 - f. Íhuga stofnun „Norðurlandaráðs fyrir aldraða og loftslagsmál“.

5. Meginniðurstöður, umræða og lokaorð

Meginniðurstöður verkefnisins sem hér um ræðir felast í raun í þeim ráðleggingum til stjórnvalda sem fram koma í kaflanum hér að framan (kafla 4.3.2) varðandi það hvers vegna og hvernig þau ættu að styðja við sjálfböðavinnu eldri loftslagssinna og hvernig efla megi norrænt samstarf í þessum málum og viðhalda því.

Í erindum og umræðum á málstofu verkefnisins (sbr. kafla 4) endurspegladist hversu mikið eldra fólk hefur í raun fram að færa hvað loftslagsmál varðar, þar sem í þessu fólki býr mikil uppsöfnuð þekking og reynsla, auk þess sem það hefur alla jafna rýmri tíma og er betur sett fjárhagslega en yngri sjálfböðaliðar. Með því að virkja eldra fólk í sjálfböðavinnu í loftslagsmálum er jafnframt verið að bæta lífsgæði fólks, bæði andlega og líkamlega. Líkamlega hliðin styrkist í hvers konar verkefnum, þ.m.t. í mótmælaaðgerðum, og fólki líður betur andlega ef það notar tímann sinn í eitthvað sem gerir heiminn að betri stað fyrir komandi kynslóðir. Í þessu starfi getur fólk einnig nýtt sér menntun sína þó svo að það sé hætt að vinna. Allt þetta stuðlar að bættri lýðheilsu eldra fólks og er þannig til þess fallið að lækka kostnað í heilbrigðiskerfinu.

Þátttakendur í málstofunni voru sammála um að grundvöllur væri fyrir norrænu samstarfsneti fyrir eldri loftslagssinna. Hóparnir gætu lært mikið hverjir af öðrum og auk þess standi hópar og samtök alla jafna sterkari saman en hver fyrir sig. Ætla má að það virki mjög hvetjandi fyrir fólki í hópum og samtökum af þessu tagi að fá tækifæri til að kynna vinnu annarra á svipuðu sviði. M.a. þess vegna gæti norrænt samstarfsnet verið mjög til þess fallið að styðja við þetta starf. Þar væri m.a. hægt að bjóða upp á netfundi og námskeið, halda sambandi og sinna sameiginlegum verkefnum.

Með verkefninu í heild, og þá sérstaklega málstofunni, varð til vettvangur fyrir tengslamyndun. Þar hófust samtöl um nýja samstarfsmöguleika og þátttakendur fengu innblástur hverjir frá öðrum. Í tölvupóstsamskiptum að málstofunni lokinni kom m.a. fram að hafinn væri undirbúningur að stofnun „Bedsteforældrenes Klimaaktion“ í Færeyjum.^[37] Hópur eldra fólks á Íslandi hefur einnig hist til að ræða hugsanlega stofnun formlegra eða óformlegra samtaka í þá veru og hafa í því skyni m.a. fengið kynningu frá verkefnisstjóra þess verkefnis sem hér um ræðir.

Í öllum hópunum sem störfuðu á málstofu verkefnisins kom fram sú skoðun að stjórnvöld ættu að líta á eldra fólk sem auðlind en ekki sem byrði. Nýting þessarar auðlindar væri bæði stjórnvöldum og eldri íbúum Norðurlandanna til góðs.

37. Upplýsingar frá Landsfelagi Pensjonista 6. október 2023.

Áhugavert er að sjá muninn á áherslum samtaka eldra fólks á Norðurlöndunum, en ólíkir staðhættir, stærð og staðsetning landanna hefur væntanlega mikil áhrif á það hvaða málefni eru talin mikilvægust í hverju landi. Einnig er mikill munur á stærð hópa og samtaka, en þessi munur virðist að mestu óháður íbúafjölda viðkomandi lands. Í Svíþjóð má til að mynda finna fleiri fámenna hópa en í Noregi, þar sem fjölmenn samtök eru í fararbroddi.

Enda þótt litlar upplýsingar hafi komið fram um loftslagsstarf eldra fólks á Grænlandi og Álandseyjum, kann vel að vera að einhver slík starfsemi sé í gangi á þessum svæðum. Ástæðan fyrir skorti á slíkum samtökum eða hópum gæti stafað af strjálbýli eða fámenni. Ljóst er að þátttaka fulltrúa frá Færeyjum í málstofunni sem sagt er frá í þessari skýrslu hefur ýtt undir frekara samstarf eldra fólks í Færeyjum á sviði loftslagsmála. Svipað má segja um Ísland, þar sem umræður í þessa veru fóru á skrið eftir málstofuna.

Draga má mikilvægustu skilaboð verkefnisins saman í eftirtalin atriði:

1. Eldra fólki á Norðurlöndum fer fjölgandi. Nú eru um 15–23% norrænu þjóðanna eldri en 65 ára og stór kynslóð nálgast eftirlaunaaldur. Þessi kynslóð mun líklega breyta því hvernig starfslok líta út. Lífslíkur þessara hópa eru meiri en fyrri kynslóða, menntunarstig þeirra er hærra og heilsa þeirra er að öllum líkindum betri en margra fyrri kynslóða. Þarfir þessara hópa fyrir virkni og farsæla öldrun verða aðrar en áður og hæfni til að nýta nýja tækni í samskiptum meiri en verið hefur. Þessu til viðbótar hefur fólk á þessum aldri alla jafna meiri frítíma og er betur sett fjárhagslega en yngra fólk.
2. Sjálfböðastarf aldraðra í loftslagsmálum er hagkvæmt fyrir það sjálft, vegna þess að þátttaka í slíku starfi heldur fólki virku og bætir þar með líkamlega og andlega heilsu þeirra. Þetta mun væntanlega hafa í för með sér lægri kostnað í heilbrigðiskerfinu.
3. Sjálfböðaliðastarf aldraðra í loftslagsmálum er hagkvæmt fyrir stjórnvöld í viðkomandi landi þar sem þessi hópur er dýrmæt uppspretta þekkingar og reynslu sem stjórnvöld geta nýtt sér í loftslagstengdri stefnumótun og ákvarðanatöku. Jafnvel er hægt að þýða þessa auðlind yfir í krónur og aura, þar sem þekking er alla jafna hvorki ótakmörkuð né ókeypis.
4. Sjálfböðastarf aldraðra í loftslagsmálum er hagkvæmt fyrir loftslagið, þar sem það er líklegt til að stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda og minni þörf fyrir aðlögunaraðgerðir á komandi árum. Betra loftslag og betri lífsskjör komandi kynslóða eru í raun samheiti. Líklegt er að þetta öfluga starf aldraðra í loftslagsmálum muni leiði til minni útgjalda en ella á næstu árum og áratugum.
5. Atriðin hér að framan eru helstu ástæður þess að stjórnvöld ættu að styðja sjálfböðaliðastarf aldraðra í loftslagsmálum.

Heimildir

Aktivistimummot (2023): *Me mummot haluamme turvata kaikille lapsenlapsille maailman, jossa voi elää.* <https://www.aktivistimummot.fi/etusivu#in-english>.

Bedsteforældrenes Klimaaktion (2023): *Bedsteforældrenes Klimaaktion.* <https://bedsteforaeldrenesklimaaktion.dk/>.

Besteforeldrenes Klimaaksjon (2022): *Eldre mer bekymra.* <https://www.besteforeldreaksjonen.no/2022/02/vi-bli-mer-bekymra>.

Besteforeldrenes Klimaaksjon (2023): *Barnas klima – Vår sak.* <https://www.besteforeldreaksjonen.no>.

De Frivilliges Hus (2022): *Flere ældre laver frivilligt arbejde.* <https://frivillighuset.dk/flere-aeldre-laver-frivilligt-arbejde-2>.

European Grandparents for Climate (2023): *About.* <https://grandparentsforclimate.eu/about-us/>.

European Investment Bank (2021): *70% of Finns in favour of stricter government measures imposing behavioural changes to address climate emergency.* <https://www.eib.org/en/press/all/2021-374-70-of-finns-in-favour-of-stricter-government-measures-imposing-behavioural-changes-to-address-the-climate-emergency>.

GALLUP (2022): *Umhverfisráðstefna GALLUP.* <https://www.gallup.is/nidurstodur/frodleikur>.

The Global Economy (2021): *Faroe Islands: Population 65 and above.* https://www.theglobaleconomy.com/Faroe-Islands/elderly_population.

Grand Panthers (2022): *Rädda klimatet för barnbarnen.* <https://grandpanthers.se>.

Grandmas for Future (2022): *GrandmasForFuture.* <https://www.facebook.com/groups/GrandmasForFuture>.

Grandparents for Future (2023): *Grandparents for Future #grandparentsforfuture.* <https://www.facebook.com/groups/680698432327315>.

Gretas Gamlingar (2023): *Gretas Gamlingar.* <https://www.facebook.com/gretasgamlingar>.

Gustaf Lind (2022): *Krig tar fokus från klimatet – men klimatoron ökar hos äldre.* <https://www.wwf.se/pressmeddelande/krig-tar-fokus-fran-klimatet-men-klimatoron-okar-hos-aldre-4221150>.

Háskóli þriðja æviskeiðsins (á.á): *Lifðu lífinu.* <https://u3a.is>.

Ingibjörg Ólöf Benediktsdóttir and Stefán Gíslason (2023): *Seniors and Climate Issues - For the Benefit of Both: A summary of the work and cooperation of seniors in the Nordic countries in the field of climate issues*. Nordic working paper, NA2023:904. Nordic Council of Ministers, Copenhagen, June 2023. DOI: 10.6027/NA2023-904.

Ingibjörg Ólöf Benediktsdóttir og Stefán Gíslason (2023): *Eldra fólk og loftslagsmál – Báðum til gagns. Yfirlit yfir starf og samstarf eldra fólks á Norðurlöndunum á sviði loftslagsmála*. Nordisk arbeidspapir, NA2023:903. Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn, júní 2023. <https://www.norden.org/is/publication/eldra-folk-og-loftslagsmal-badum-til-gagns>.

Ilmastoisovanhemmat (2023): *Isovanhemmat vaativat ilmastotekoja!* <https://ilmastoisovanhemmat.fi>.

Knoema (2022a): *Denmark - Population ages 65 years and above as a share of total population*. <https://knoema.com/atlas/Denmark/Population-aged-65-years-and-above>.

Knoema (2022b): *Finland – Population ages 65 and above as a share of total population*. <https://knoema.com/atlas/Finland/Population-aged-65-years-and-above>.

Knoema (2022c): *Iceland – Population ages 65 years and above as a share of total population*. <https://knoema.com/atlas/Iceland/Population-aged-65-years-and-above>.

Knoema (2022d): *Sweden – Population ages 65 and above as a share of total population*. <https://knoema.com/atlas/Sweden/Population-aged-65-years-and-above>.

Landssamband eldri borgara (2021): *Um LEB*. <https://www.leb.is/um-leb>.

Line Marie Sommer (2021): *De ældre går op i klimaet og deres erfaringer kan ændre verden*. <https://www.verdensmaal.org/nyheder/%C3%A6ldre-over-tres-kan-og-vil-forandre-verden>.

Medium (2020): *The little archipelago that could: how Åland's climate actions can inspire us all*. <https://medium.com/wedonthavetime/the-little-archipelago-that-could-how-%C3%A5lands-bold-climate-actions-can-inspire-us-all-b1494a33dd23>.

Naturvernforbundet (2023): *La naturen gå i arv*. <https://naturvernforbundet.no>.

Sammen om verdensmål (2021): *Sammen om verdensmål – på biblioteket*. <https://www.xn--sammenomverdensml-orb.dk>.

Sofie Björck (2022): *Landets äldre sörjer klimatet*. <https://www.miljomagasinet.se/index.php/2022/10/14/landets-aldre-sorjer-klimatet>.

Statista (2023): *Population of Greenland 2023, by age group.*

<https://www.statista.com/statistics/805710/population-of-greenland-by-age-group>.

Trading Economics (2021): *Norway – Population ages 65 and above (% of total).*

<https://tradingeconomics.com/norway/population-ages-65-and-above-percent-of-total-wb-data.html>.


Vinir íslenskrar náttúru (2022): *Um Vín.* <https://natturuvinir.is/about>.

Ympäristöministeriö (á.á.): *Finland's national climate policy.*

<https://ym.fi/en/finland-s-national-climate-change-policy>.

Viðauki

Dagskrá málstofunnar



Seminar program 27th of September

12:00-13:00

LUNCH

13:00-13:15

WELCOME SPEECH - GUÐNI TH. JÓHANNESSON
PRESIDENT OF ICELAND

13:15-13:25

WELCOME SPEECH - MINISTRY OF THE ENVIRONMENT,
ENERGY AND CLIMATE

13:25-13:45

KLIMASENIORINNEN SWEIZ - ELISABETH STERN
THE ORGANIZATION'S COURT CASE AGAINST
SWITZERLAND ON THE IMPACT OF CLIMATE CHANGE ON
HUMAN RIGHTS

13:45-14:05

BREAK

14:05-14:20

GRETAS GAMLINGAR - ERIK ELVERS
HOW IT ALL STARTED AND EXPERIENCE

14:20-14:35

AKTIVISTIMUMMOT - HELENA KÄÄRIÄINE
THE NORDIC/GLOBAL HEALTH CONSEQUENCES OF
CLIMATE/ENVIRONMENT CRISIS

14:35-14:50

U3A - BIRNA SIGURJÓNSDÓTTIR & ÞÓRA ELLEN
ÞÓRHALLSDÓTTIR
WORK ON CLIMATE/ENVIRONMENTAL ISSUES AND
EXPECTATIONS FOR THE FUTURE

14:50-15:00

PANEL - GRETAS GAML., AKTIVISTIMUMMOT & U3A

15:00-15:20

BREAK

15:20-15:35

LANDSSAMBAND PENSJÓNISTA - BEATE L. SAMUELSEN
RELEVANT OLDER PEOPLE'S ACTIVITIES IN THE FAROE
ISLANDS

15:35-15:50

BESTEFØRELDRENE'S KLIMAAKSJON - ANDREW P. KROGLUND
THE ORGANIZATION'S WORK NATIONALLY & THE EUROPEAN
NETWORK

15:50-16:05

LIBRARIES AS PLATFORM FOR CITIZEN INVOLVEMENT
AND SUSTAINABILITY - KIRA GILLING HANSEN
THE NATIONAL PROJECT MANAGER WILL PRESENT THE
IDEA AND RESULT FROM THE NATIONAL PROJECT


16:05-16:15

PANEL - LANDSSAMBAND PENSJÓNISTA, BKA NORGE &
SAMMEN OM VERDENSMÅL

16:15-17:00

GROUP WORK

SEMINAR LOCATION: NAUTHÓLL, NAUTHÓLSVEGI 106, 101 REYKJAVÍK



Seminar program 28th of September

9:00-9:30

BREAKFAST

9:30-9:45

GRANDPARENTS FOR FUTURE - BENGT SUNDBAUM & LENA HAMMARBACK
VOLUNTARY WORK & SOCIAL MEDIA

9:45-10:00

ILMASTOISOVANHEMMAT - MATTI NUMMELIN
CAN TODAY'S TECHNOLOGY BE AN ADVANTAGE IN
VOLUNTARY WORK?

10:00-10:15

BEDSTEFORÆLDRENE'S KLIMAAKTION - ANNE GRETHE HANSEN
HOW CAN WE REACH NEW MEMBERS?

10:15-10:25

PANEL - GRANDPARENTS FOR FUTURE, ILMASTOISOVANHEMMAT & BKA DENMARK

10:25-10:45

BREAK

10:45-11:00

FRIENDS OF ICELANDIC NATURE - HJÁLMAR W. ÁRNASON
OLDER PEOPLE IN NATURE CONSERVATION

11:00-11:15

FÆRØERNES NATUR- OG MILJØFORENING - ÓLAVUR POUlsen
OLDER PEOPLE AND THE CLIMATE ON THE FAROE ISLANDS

11:15-11:30

BESTEFØRELDRENE'S KLIMAAKSJON - BENTE BAKKE
THE ORGANIZATIONS WORK LOCALLY, ADVANTAGES & DISADVANTAGES OF MEMBERSHIP FEES

11:30-11:40

PANEL - FRIENDS OF ICELANDIC NATURE, FÆRØERNES NATUR- OG MILJØFORENING & BKA NORGE

11:40-12:10

GROUP WORK

12:10-12:15

CLOSING NOTES

12:15-13:15

LUNCH


13:30-19:00

BUS TRIP

REGISTRATION

KINDLY REGISTER TO THE SEMINAR FOLLOWING [THIS LINK](#) IF YOU HAVE ANY PROBLEMS CONTACT STEFAN@ENVIRONICE.IS OR INGALOA@ENVIRONICE.IS

SEMINAR LOCATION: NAUTHÓLL, NAUTHÓLSVEGI 106, 101 REYKJAVÍK



Trip program

SVARTSENGI POWER PLANT

THE POWER PLANT IN SVARTSENGI PRODUCES 190 MW OF GEOTHERMAL ENERGY. THE POWER PLANT PROVIDES HOT WATER TO ALL OF THE SUBURBAN PENINSULA. SVARTSENGI COMMENCED ELECTRICITY PRODUCTION IN 1976 USING GEOTHERMAL ENERGY. IT WAS ICELAND'S FIRST POWER PLANT TO JOIN TOGETHER ELECTRICITY PRODUCTION AND ENERGY PRODUCTION FOR THE HEATING OF HOUSES.

NATURE ATTRACTIONS

WE'LL TAKE A LOOK AT SOME OF THE SIGHTS IN THE REYKJANES PENINSULA, GEOTHERMAL HOT SPRINGS, A BRIDGE THAT CONNECTS EUROPE AND NORTH AMERICA ON REYKJANES PENINSULA AND BEAUTIFUL OCEAN VIEWS.

Pátttakendur í málstofu

<i>Ingibjörg Ólöf Benediktsdóttir</i>	<i>Environice</i>	<i>Ísland</i>
<i>Stefán Gíslason</i>	<i>Environice</i>	<i>Ísland</i>
Anne Grethe Hansen	Bedsteforældrenes Klimaaktion	Danmörk
Emil Gilling Steen Svendsen		Danmörk
Kira Gilling Hansen	Tænketanken Fremtidens Biblioteker - Projekt SAMMEN OM VERDENSMÅL	Danmörk
Niels Malling	Bedsteforældrenes Klimaaktion	Danmörk
Helena Kääriäinen	Aktivistimummot	Finnland
Iiris Kalliola	Ilmastoisovanhemmat	Finnland
Matti Nummelin	Ilmastoisovanhemmat	Finnland
Beate Lindenskov Samuelsen	Landsfelag Pensjónista	Færeyjar
Gunnleyg Durhuus	Landsfelag Pensjónista	Færeyjar
Ólavur Poulsen	Vága Pensjónistafelag	Færeyjar
Birna Sigurjónsdóttir	U3A Reykjavík	Ísland
Árni Bragason		Ísland
Berglind Indriðadóttir	Farsæl öldrun - Þekkingarmiðstöð	Ísland
Birna Sigurðardóttir	Félags og vinnumarkaðsráðuneytið	Ísland
Brynja Jóhannsdóttir	U3A Reykjavík	Ísland
Danfríður Skarphéðinsdóttir	Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið	Ísland
Emma Eypórsdóttir	U3A Reykjavík	Ísland
Guðrún Andrésdóttir	Vinir íslenskrar náttúru & U3A	Ísland
Guðrún Ágústsdóttir	Samstarfsnefnd um málefni aldraðra/Félagsmálaráðuneytið	Ísland

Heiðrún Guðmundsdóttir		Ísland
Hjálmar W. Árnason	Vinir íslenskrar náttúru	Ísland
Ingibjörg Grétarsdóttir		Ísland
Jóhanna Bogadóttir		Ísland
Jónína Hólmfríður Pálsdóttir		Ísland
Jórunn Erla Eyfjörð	U3A Reykjavík	Ísland
Margrét Auðunsdóttir	Landvernd	Ísland
Margrét Loftsdóttir	U3A Reykjavík	Ísland
Ólöf Helga Þór	U3A Reykjavík	Ísland
Robert Magnus	U3A Reykjavík	Ísland
Sigríður Pétursdóttir		Ísland
Stefán Einarsson		Ísland
Tryggvi Felixson	Vinir Þjórsárvera	Ísland
Valborg E. Baldvinsdóttir	U3A Reykjavík	Ísland
Þóra Ellen Þórhallsdóttir	Vinir íslenskrar náttúru & U3A	Ísland
Andrew Kroglund	Besteforeldrenes klimaaksjon	Noregur
Bente Marie Bakke	Besteforeldrenes klimaaksjon	Noregur
Bengt Sundbaum	Grandparents for Future	Svíþjóð
Erik Johan Elvers	Gretas Gamlingar	Svíþjóð
Lena Hammarbäck	Grandparents for Future	Svíþjóð

Samtök sem tóku þátt í málstofu, vefsíður og tengiliðir

Nafn samtaka/hópa	Heimasíða/Facebooksíða	Netfang
U3A	https://u3a.is/	u3areykjavik@gmail.com
Vinir íslenskrar náttúru	https://natturuvinir.is/	admin@natturuvinir.is
Aktivistimummot	https://www.aktivistimummot.fi/	seija.kurunmaki@kuule.fi
Ilmastoisovanhemmat	https://ilmastoisovanhemmat.fi/	ilmastoisovanhemmat@gmail.com
Grandparents for Future	https://www.facebook.com/groups/680698432327315/	bengtsundbaum@hotmail.com
Gretas Gamlingar	https://www.facebook.com/gretasgamlingar/	erik.elters@gmail.com
Bedsteforældrenes Klimaaktion	https://bedsteforaeldrenesklimaaktion.dk/	anneg@simnet.is and mogensjorgensen@gmail.com
Sammen om verdensmål	https://www.xn--sammenomverdensml-orb.dk/	lhd@fremtidensbiblioteker.dk
Landsfelag pensjónista	https://eldri.fo/	lp@eldri.fo
Føroya Náttúru- og Umhvørvisfelag	https://www.fnu.fo/	fnu@fnu.fo
Besteforeldrenes klimaaksjon	https://www.besteforeldreaksjonen.no/	post@besteforeldreaksjonen.no
Klimaseniorinnen Schweiz	https://www.klimaseniorinnen.ch/	info@klimaseniorinnen.ch

Hópaskipting þátttakenda í málstofu

Dagur 1

Group 1 – Table leader Kira Gilling	Group 2 – Table leader Matti Nummelin	Group 3 – Table leader Andrew Kroglund
Lena Hammarbäck	Ólavur Poulsen	Beate Lindenskov Samuelsen
Bente Marie Bakke	Ólöf Helga Þór	Bengt Sundbaum
Robert Magnus	Guðrún Andrésdóttir	Gunnleyg Durhuus
Guðrún Ágústsdóttir	Emil Gilling Steen Svensen	Niels Malling
Valborg E. Baldvinsdóttir	Sigríður Pétursdóttir	Ingibjörg Grétarsdóttir
		Margrét Auðunsdóttir
Group 4 – Table leader Erik Elvers	Group 5 – Table leader Birna Sigurðardóttir	Group 6 – Table leader Birna Sigurjónsdóttir
Jórunn Erla Eyfjörð	Iiris Kalliola	Berglind Indriðadóttir
Anne Grethe Hansen	Helena Kääriäinen	Heiðrún Guðmundsdóttir
Brynja Jóhannsdóttir	Þóra Ellen Þórhallsdóttir	Emma Eypórsdóttir
Jónína Hólmfríður Pálsdóttir	Tryggvi Felixson	Árni Bragason
Danfríður Skarphéðinsdóttir	Stefán Einarsson	Margrét Loftsdóttir
	Jóhanna Bogadóttir	

Dagur 2

Group 1 – Table leader Kira Gilling	Group 2 – Table leader Matti Nummelin	Group 3 – Table leader Andrew Kroglund
Anne Grethe Hansen	Lena Hammarbäck	Bente Marie Bakke
Gunnleyg Durhuus	Beate Lindenskov Samuelsen	Ólöf Helga Þór
Ólavur Poulsen	Jórunn Erla Eyfjörð	Brynja Jóhannsdóttir
Helena Kääriäinen	Iiris Kalliola	Margrét Loftsdóttir
Ingibjörg Grétarsdóttir	Berglind Indriðadóttir	Heiðrún Guðmundsdóttir
Árni Bragason		Jóhanna Bogadóttir
Group 4 – Table leader Erik Elvers	Group 5 – Table leader Birna Sigurðardóttir	Group 6 – Table Leader Birna Sigurjónsdóttir
Robert Magnus	Guðrún Ágústsdóttir	Valborg E. Baldvinsdóttir
Guðrún Andrésdóttir	Emil Gilling Steen Svensen	Tryggvi Felixson
Bengt Sundbaum	Niels Malling	Danfríður Skarphéðinsdóttir
Þóra Ellen Þórhallsdóttir	Jónína Hólmfríður Pálsdóttir	Hjálmar W. Árnason
Emma Eyþórsdóttir	Sigríður Pétursdóttir	Stefán Einarsson
	Margrét Auðunsdóttir	

Um ritið

Eldra fólk og loftslagsmál – Báðum til gagns

Stefán Gíslason og Ingibjörg Ólöf Benediktsdóttir

TemaNord 2023:554

ISBN 978-92-893-7757-7 (PDF)

ISBN 978-92-893-7758-4 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/temanord2023-554>

© Norræna ráðherranefndin 2023

Kápumynd: Karin Beate Nøsterud/norden.org

Útgefið: 29.12.2023

Fyrirvari

Norræna ráðherranefndin kostaði útgáfu þessa. Efni hennar þarf þó ekki endilega að endurspeгла viðhorf og skoðanir Norrænu ráðherranefndarinnar, afstöðu hennar eða tilmæli.

Réttindi og leyfi

Þetta rit er gert aðgengilegt í samræmi við skilmála Creative Commons Attribution 4.0 International license (CC BY 4.0) <https://creativecommons.org/licenses/by/4.0>

Þýðingar: Ef þú þýðir þennan texta, vinsamlegast taktu eftirfarandi fyrirvara fram: Þessi þýðing var ekki unnin á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og á ekki að teljast opinber. Norræna ráðherranefndin svarar ekki til ábyrgðar á þýðingunni né heldur á hvers konar skekkjum í henni.

Aðlögun: Ef þú aðlagar þennan texta, vinsamlegast taktu eftirfarandi fyrirvara fram með heimildartilvísuninni: Þetta er aðlögun á upprunalegri útgáfu Norrænu ráðherranefndarinnar. Viðhorf og skoðanir sem fram koma í aðlöguninni eru aðeins á ábyrgð höfundar/r hennar. Norræna ráðherranefndin hefur ekki samþykkt þau viðhorf og skoðanir sem fram koma í þessari aðlögun.

Efni frá þriðja aðila: Norræna ráðherranefndin á ekki endilega allt efnið í þessari útgáfu. Norræna ráðherranefndin getur þess vegna ekki ábyrgst að endurnýting efnis frá þriðja aðila stangist ekki á við höfundarétt þessa þriðja aðila. Viljir þú endurnýta efni þriðja aðila berð þú jafnframt ábyrgð af hvers kyns réttindaskerðingu sem af því leiðir. Athugun á hvort þarft sé að afla leyfis til að nota efni þriðja aðila er á þína ábyrgð og sömuleiðis að afla viðeigandi leyfis höfundaréttarhafa í slíkum tilvikum. Efni þriðja aðila getur til dæmis, en ekki

eingöngu, verið líkön, töflur eða myndir.

Hugverkaréttur að ljósmyndum (frekari leyfi þarf fyrir endurnýtingu):

Allar spurningar varðandi réttindi og leyfi skal senda til:

Norræna ráðherranefndin/PUB

Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 Kaupmannahöfn
pub@norden.org

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efla í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 Kaupmannahöfn
www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur